


Ársskýrsla 2020





Menntun



Nýsköpun



Starfsumhverfi



Innviðir



Orka og umhverfi



Ímynd

Hlutverk og framtíðarsýn

- Samtök iðnaðarins **efla** íslenskan iðnað og **auka samkeppnishæfni** hans
- Iðnaður í fararbroddi drifinn áfram af **stöðugum umbótum** í menntun, nýsköpun, starfsumhverfi, innviðum, orku og umhverfi og ímynd sem leiðir til aukinnar framleiðni og hagsældar
- Skapa aðstæður sem **uppfylla markmið** okkar um **gott samfélag** og **samkeppnishæft umhverfi**

Gildi

- **Fagmennska** – Vönduð vinnubrögð, nýjar upplýsingar og þekking á viðfangsefnum
- **Samvinna** – Samstarf starfsmanna og félagsmanna við stjórnvöld, stofnanir, fjölmiðla og önnur samtök
- **Áræðni** – Forsenda árangurs – Höfum kjark og þor til að takast á við krefjandi verkefni í þágu íslensks iðnaðar

Ávarp formanns SI

Þrátt fyrir að blikur væru á lofti í íslensku efnahagslífi í lok árs 2019 héldum við flest bjartsýn af stað inn í árið 2020. Væntingar um mjúka landingu hagkerfisins eftir eitt lengsta hagvaxtarskeið sögunnar hér á landi fengu þó skjótan enda þegar COVID-19 veiran gerði strandhögg hérlandis í lok febrúar fyrir ári síðan. Versta efnahagskreppa í rúma öld skók Ísland og heimsbyggðina alla – og gerir enn.

Starfsemi Samtaka iðnaðarins á árinu 2020 hefur ekki farið varhluta af þessari alvarlegu stöðu. Rétt eins og hjá félagsmönnum okkar og samfélaginu öllu þurfti að víkja öllum fyrri áætlunum til hliðar og aðlaga sig að breyttum veruleika. Við tóku verkefni sem einkenndust af björgunarstarfi efnahagslífsins í kappi við tímann þar sem Samtök iðnaðarins létu ekki sitt eftir liggja. Við sendum stjórnvöldum skýr skilaboð og létum þeim í té vel ígrundaðar tillögur að aðgerðum, sem margar hverjar hafa komið til framkvæmda og haft jákvæð áhrif á afar krefjandi tímum. Við höfum sérstaklega fagnað áherslum í aðgerðum stjórnvalda á nýsköpun, innviði, menntun og aðgerðir á sviði starfsumhverfis. Um er að ræða aðgerðir sem ættu að skapa góða viðspyrnu fyrir hagkerfið þegar við náum vopnum okkar á ný – auka verðmæta-sköpun og skapa störf, sem við þurfum svo nauðsynlega á að halda.

Það hefur verið aðdáunarvert að sjá hvernig félagsmenn hafa náð að halda uppi sköpun verðmæta við einstaklega erfiðar og krefjandi aðstæður. Á undraskömmum tíma tókst fyrirtækjum að umbylta starfsemi sinni til að takast á við breyttan veruleika, veruleika sóttvarna og samkomutakmarkana. Með heimavinnu, fjarfundum, breytingum á rýmum, hólfaskiptingum í framleiðslu og öðru því sem til þurfti tókst í meginatriðum að halda uppi starfsemi. Eftir síðasta efnahagsáfall veitti iðnaður viðspyrnu umfram umfang sitt og það mun hann svo sannarlega gera nú ef rétt er á málum haldið.

Eins undarlega og það hljómar var árið 2020 þó á margan hátt býsna farsælt þar sem mikill árangur náðist í fjölmörgum áherslumálum Samtaka iðnaðarins. Má þar nefna lækkuð tryggingagjalds, áttakinu Allir vinna var hleypt af stokkunum, auknum fjármunum var veitt til iðn- og starfsnáms, margvíslegar kerfis- og reglubreytingar voru gerðar á iðn-, starfs- og tækninámi, breytingar voru gerðar á mannvirkjalögum er lúta að eftirliti og flokkun mannvirkja, framlög til innviðaupbyggingar voru stórauðin og aukning varð á öðrum opinberum framkvæmdum.

Þá náðist markverður árangur í nýsköpunarmálum á þessu ári nýsköpunar hjá Samtökum iðnaðarins. Óhætt er að segja að vitundarvakning hafi orðið um mikilvægi nýsköpunar, umræðan hefur aukist og starfsumhverfið hefur tekið stakkaskiptum þar sem áherslur okkar og félagsmanna okkar hafa hlotið hljómgrunn hjá stjórnvöldum og á Alþingi. Stórstígar framfarir hafa orðið á umgjörð nýsköpunar með



hækkun á endurgreiðsluhlutfalli og þaki rannsóknar- og þróunar-kostnaðar, hækkun á framlögum í Tækniþróunarsjóð og öðrum umbótum. Stjórnvöld hafa þannig greitt leið nýsköpunar með breytingum á regluverkinu, styrkjum, hvötum og frádráttarheimildum. Þessar breytingar munu bera ávöxt á skömmum tíma og styrkja hugverkaiðnað enn frekar sem burðarstöð í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins, sem er grunnur að auknum stöðugleika og hagvexti til framtíðar.

Á þessu fyrsta starfsári mínu sem formaður Samtaka iðnaðarins hef ég vissulega saknað þess að eiga ekki kost á að hitta félagsmenn með hefðbundnum og reglulegum hætti. Í ljósi þeirra samkomutakmarkana sem í gildi hafa verið lungann af árinu jukum við áherslu á stafræna viðburði og aukna upplýsingamiðlun með margháttaðri útgáfu, fréttabréfum, greiningum og myndböndum, sem ég vona að hafi komist vel til skila. Í okkar starfsemi koma þó fjarfundir, símtöl og tölvupóstar aldrei fyllilega í staðinn fyrir samskipti augliti til auglitis.

Við göngum áfram bjartsýn til verka, fullviss um að þær áherslur og hugmyndir sem við leggjum af mörkum muni áfram hljóta brautargengi. Ég færi félagsmönnum, stjórn og einvala liði starfsmanna mínar bestu þakkir fyrir afar ánægjulegt samstarf á árinu og óska Samtökum iðnaðarins velfarnaðar á komandi starfsári.

Arni Sigurjónsson

Ársskýrsla 2020

Innan Samtaka iðnaðarins eru um 1.400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda. Þau eru ólík innbyrðis, hvort sem lítið er til stærðar, starfsemi eða markaða. Þessi mikla fjölbreytni gerir starfið í senn vandasamt og nauðsynlegt. Þess er gætt að leggja áherslu á það sem er sameiginlegt en um leið er hlúð að því sértæka. Þetta hefur tekist með svo farsælum og árangursríkum hætti að Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu.

Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum í nánú samráði við einstaka starfsgreinahópa og aðildarfyrirtæki.

Mars 2021

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

Sími 591 0100, mottaka@si.is, www.si.is

Ábyrgðarmaður: Sigurður Hannesson

Ritstjórn: Margrét Kristín Sigurðardóttir, margret@si.is

Hönnun og umbrot: Hvíta húsið

Prentun: Prentmet Oddi

Stjórn SI 2020

Stjórn Samtaka iðnaðarins ber ábyrgð á stefnumörkun og áherslu í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til 12 formlegra stjórnarfunda. Reglur um stjórnarsetu eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun á sér stað innan stjórnarinnar en einn helsti styrkur SI er að enginn getur setið þar lengur en í sex ár. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti.



Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Efri röð, talið frá vinstri: Ágúst Þór Pétursson, Egill Jónsson, Sigurður Hannesson, Árni Sigurjónsson, Guðrún Halla Finnsdóttir, Vignir Steinþór Halldórsson, Magnús Hilmar Helgason og Arna Arnardóttir. Neðri röð frá vinstri, Valgerður Hrund Skúladóttir, Sigurður R. Ragnarsson og Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir.



Árni Sigurjónsson,
Marel, formaður



Sigurður R. Ragnarsson,
ÍAV, varaformaður



Guðrún Halla Finnsdóttir,
Norðurlál, ritari



Arna Arnardóttir,
gullsmiður



Ágúst Þór Pétursson,
Mannvit



Egill Jónsson,
Össur



Magnús Hilmar Helgason,
Launafl



Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir,
CRI



Valgerður Hrund Skúladóttir,
Sensa



Vignir Steinþór Halldórsson,
MótX



Varamaður
Steinþór Jónsson,
Björnsbakarí

Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fór fram á aðalfundi SI sem haldinn var í Hyl í Borgartúni 35, 30. apríl, framhaldsaðalfundur fór fram í Norðurljósum í Hörpu 18. september. Kjörið fór fram með rafrænum hætti.

Árni Sigurjónsson var kjörinn formaður Samtaka iðnaðarins.

Tvö gáfu kost á sér til formannskjörs, Árni Sigurjónsson og Guðlaug Kristbjörg Kristinsdóttir. Alls gáfu sjö kost á sér til almennrar stjórnarsetu. Kosið var um fimm almenn stjórnarsæti og hlutu þessi flest atkvæði: Arna Arnardóttir, Egill Jónsson, Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir, Valgerður Hrund Skúladóttir og Vignir Steinþór Halldórsson.



Árni Sigurjónsson, formaður SI, segir frá ári nýsköpunar í beinu streymi frá Húsi atvinnulífsins.

Ár nýsköpunar

Samtök iðnaðarins efndu til árs nýsköpunar 2020 en með ári nýsköpunar vildu Samtök iðnaðarins hvetja til nýsköpunar og þess að hugvitið verði virkjað í meira mæli til þess að drífa vöxt framtíðar. Með því að styðja við umgjörð og hvata til nýsköpunar í nýjum og rótgrónum fyrirtækjum telja samtökin að samkeppnishæfni Íslands verði eflað til framtíðar. Á árinu voru fjölmargir viðburðir þar sem fjallað var um nýsköpun frá ýmsum hliðum, út frá helstu greinum og frá helstu áskorunum sem við blasa. Ári nýsköpunar 2020 var ýtt úr vör með formlegum hætti í húsakynnum Völku í Vesturvör í Kópavogi.



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Eliza Reid, forsetafrú, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, og Guðrún Hafsteinsdóttir, þáverandi formaður SI.

Stjórnvöld og Alþingi stigu stór skref á árinu í átt að eflingu nýsköpunar með viðamiklum aðgerðum og bættum hvötum til nýsköpunar á vörþingi 2020. Þak á endurgreiðslum vegna rannsókna og þróunar (R&Þ) var hækkað úr 600 milljónum króna í 1.100 milljónir króna og hlutfall endurgreiðslu vegna R&Þ hækkað úr 20% í 25% fyrir stór fyrirtæki og 35% fyrir lítil og meðalstór. Breytingar voru gerðar á lögum um tekjuskatt þannig að skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa var hækkaður úr 50% í 75%. Aukið fjármagn, 700 milljónir króna, var sett í Tækniþróunarsjóð á árinu til að styðja við nýsköpunarverkefni. Þá var viðbótarfjármagn veitt í Nýsköpunarsjóð námsmanna á árinu. Lög um Kríu, hvatasjóð nýsköpunardrífins frumkvöðlastarfs, voru samþykkt á árinu og leit reglugerð um Kríu einnig dagsins ljós síðla ársins. Heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (visi-sjóðum) var jafnframt hækkuð úr 20% í 35%.



Ár nýsköpunar var sett með formlegum hætti í húsakynnum nýsköpunar-fyrirtækisins Völku í Kópavogi að viðstöddu fjölmenni.

Tímarit SI – nýsköpun

Á árinu gáfu Samtök iðnaðarins út 128 síðna tímarit um nýsköpun. Í tímaritinu, sem kom út 17. júní, er horft á nýsköpun út frá fjölmörgum sjónarhornum þar sem skyggst er inn í ótal greinar íslensks iðnaðar og dregnar fram fjölbreyttar hliðar nýsköpunar. Sér í lagi er dregið fram að nýsköpun á sér stað í öllum greinum og í stórum fyrirtækjum sem smáum og greina félagsmenn Samtaka iðnaðarins frá sinni sýn á nýsköpun. Í tímaritinu kemur fram að fram til ársins 2050 þurfi að skapa 60 þúsund ný störf. Þá kemur fram sýn forseta Íslands og nýsköpunarráðherra á hvert mikilvægi nýsköpunar er fyrir Ísland, auk þess sem formaður SI og framkvæmdastjóri SI segja frá því hvers vegna samtökin leggja áherslu á nýsköpun og hvaða þýðingu það hefur að hvetja til sóknar á því sviði.



Á myndinni eru, talið frá vinstri, Margrét Kristín Sigurðardóttir, ritstjóri tímaritsins, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI.

Myndband SI – Gerum Ísland að nýsköpunarlandi

Í lok árs nýsköpunar gáfu Samtök iðnaðarins út myndband þar sem dregnar voru saman helstu áherslur samtakanna. Í myndbandinu var hvatt til þess að nýsköpun verði eflað á öllum sviðum atvinnulífsins. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, var viðstaddur frumsýningu á myndbandinu á rafrænum viðburði. Í myndbandinu sem Sagafilm framleiddi koma fram Salka Ýr Ómarsdóttir, 12 ára grunnskólanemandi, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Ágústa Guðmundsdóttir hjá Zymetech, Kolbrún Hrafnkelsdóttir hjá Florealis, Sesselja Ómarsdóttir hjá Alvotech og Vignir Örn Guðmundsson hjá CCP. Lagið í myndbandinu nefnist Further og er eftir íslensku hljómsveitina Warmland.



Á myndinni eru, talið frá vinstri, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI, og Árni Sigurjónsson, formaður SI.

Áherslur


Menntamál

Á árinu var skrifað undir samkomulag Samtaka iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um markvissar aðgerðir í samráði atvinnulífs, menntamálaráðuneytis, skólasamfélagsins og sveitarfélaga í þeim tilgangi að fjölga tækni- og starfsmenntuðum á vinnumarkaði. Liður í aðgerðaráætluninni var

kynningarátakið **#fyrirmig** með þátttöku allra starfs- og tækni-menntaskóla. Markmiðið með áttakinu var að vekja athygli á starfs- og tækninámi og þeim tækifærum sem slíkt nám býður upp á. Það skilaði því meðal annars að metaðsókn var í starfs- og verknám hjá Tækniskólanum á haustönn.



Á myndinni eru, talið frá vinstri, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Guðrún Hafsteinsdóttir, þáverandi formaður SI, Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka íslenskra sveitarfélaga, og Páll Magnússon, ráðuneytisstjóri.



Grænvangur

Á árinu var ný vefsíða, Green by Iceland, opnuð. Eftir var til rafræns viðburðar af því tilefni. Atvinnulífið hefur tekið höndum saman um gerð Loftslagsáætlunar atvinnulífsins þar sem gerð er grein fyrir markmiðum, fyrirhugðum aðgerðum atvinnulífs og þeim hindrunum sem stjórnvöld þurfa að ryðja úr vegi til að draga megi úr losun. Umsjón verkefnisins er í höndum Grænvangs og verður útgáfa á árinu 2021. Grænvangur er samstarfsverk-

efni stjórnsvalda og atvinnulífs í loftslagsmálum og grænum lausnum. Samtök iðnaðarins komu að og höfðu forgöngu um stofnun Grænvangs. Að samstarfsvettvanginum standa forsætisráðuneytið, umhverfis- og auðlinda-ráðuneytið, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samorka, Orkuklasinn, Viðskiptaráð Íslands, Bændasamtök Íslands, háskólar og Íslandsstofa,

auk fjölda fyrirtækja. Samstarfsvettvangurinn er hýstur innan Íslandsstofu og vinnur í nánú samstarfi við hana. Markmið Grænvangs er að stuðla að vitundarvakningu um loftslagsmál og vinna að markmiði stjórnsvalda um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040, auka útflutning á orkuþekkingu og grænum lausnum og segja frá árangri Íslands í loftslagsmálum.



Á myndinni eru Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Eggert Benedikt Guðmundsson, framkvæmdastjóri Grænvangs, og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI og formaður Grænvangs.

COVID-19

Þegar heimsfaraldur COVID-19 barst til Íslands í febrúar lögðu Samtök iðnaðarins áherslu á að hvetja stjórnvöld til að beita ríkisfjármálum og peningamálum til að örva hagkerfið. Samtökin vildu nýta þau tækifæri sem góð staða ríkissjóðs gaf til að beita ríkisfjármálunum af fullum þunga til að verja lífsskjör almennings og gera fyrirtækjum kleift að veita viðspyrnu fyrir nýtt hagvaxtarskeið. Lágur skuldir ríkissjóðs Íslands gerðu það að verkum að Ísland var í mun betri stöðu en mörg önnur ríki til að mæta efnahagslegum áhrifum COVID-19 og þeirri niðursveiflu sem var byrjuð áður en veiran fór að dreifa sér um heimsbyggðina. Samtökin hafa bent á að samhliða þessum aðgerðum þurfi að tryggja að opinberar skuldbindingar séu viðráðan-

legar til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir. Samtökin lögðu einnig áherslu á að tækjum peningamála væri beitt til að milda niðursveifluna og skapa grundvöll vaxtar. Þar stóð hagkerfið einnig betur, en stýrivextir voru talsvert hærri en í nálægum ríkjum. Bentu samtökin á mikilvægi þess að Seðlabankinn lækkaði stýrivexti sína, tryggði virkni miðlunarferils stýrivaxta til fyrirtækja og heimilaði auk þess að tryggja greiðan aðgang þessara aðila að fjármagni. Gekk þetta eftir að hluta en stýrivextir voru lækkaðir umtalsvert á árinu eða úr 3,0% niður í 0,75%. Ljóst er að aðgerðir á sviði opinberra fjármála og peningamála hafa mildað niðursveifluna en við blasir að framundan er krefjandi verkefni á sviði efnahagsmála.

Þegar kórónuveiran skall á voru bein tengsl við félagsmenn ræktuð enn frekar, meðal annars með símtölum við stóran hluta félagsmanna til viðbótar við reglubundin samskipti. Auk þess sem sett var upp sérstakt vefsvæði á vef SI þar sem safnað er saman öllum helstu upplýsingum sem tengjast COVID-19 og nýst geta félagsmönnum.

Stjórn Samtaka iðnaðarins ákvað að veita afslátt af félagsgjöldum í ljósi COVID-19 og koma þannig til móts við félagsmenn á erfðum tímum. Afslátturinn nam einum gjald-daga ársins eða einum sjötta af félagsgjöldum. Þá var talsverðum fjármunum varið aukalega í markaðsmál, einkum til átaksins Íslenskt – láttu það ganga.

Ályktun Iðnþings 2020 samþykkt á aðalfundi 30. apríl

Verjum það sem við eigum og sköpum ný tækifæri

Kólnun íslensks efnahagslífs var staðreynd í byrjun þessa árs og efnahagsleg óveðursský voru yfir Íslandi áður en heimsfaraldur kórónaveiru skók hagkerfi heimsins þar sem Ísland er ekki undan-skilið. Atvinnuleysi er þegar orðið hátt og mun hækka frekar með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið. Svo gæti farið að atvinnuleysi á þessu ári verði það hæsta frá því mælingar hófust. Atvinnulífið dregur vagninn í verðmætasköpun þjóðarþúsins og því er það forsenda fyrir kröftugri viðspyrnu að öflug fyrirtæki standi af sér storminn. Þannig geta þau haldið fólki í vinnu og tryggt afkomu heimila landsins.

Ríki, sveitarfélög, Seðlabanki og fjármálafyrirtæki hafa þegar brugðist við til að milda höggið. Verkalýðshreyfingin hefur hins vegar kosið að sitja hjá. Samtök iðnaðarins harma að verkalýðs-hreyfingin skuli ekki sýna núverandi stöðu skilning. Á sama tíma og hátt nær 50 þúsund manns eru án atvinnu eða í hlutastarfaleið þá eru það vonbrigði að verkalýðshreyfingin sé ekki reiðubúin að koma til móts við fyrirtækin með því að fresta launahækkun og þannig verja störf umþjóðenda sinna.

Skilningi stjórnvalda á stöðunni og aðgerðum þeirra ber að fagna. Um leið er ljóst að frekari aðgerðir þarf til svo fyrirtæki geti unnið úr þeirri erfiðu stöðu sem uppi er. Ráðast þarf í framkvæmdir, létta álögum á fyrirtæki meðal annars með lækkun tryggingagjalds og fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði, einfalda regluverk og ryðja hindrunum úr vegi, hvetja enn frekar til nýsköpunar með skatt-ívilnunum, fjölga starfs- og tækniþennuðum á vinnumarkaði með

því að tryggja fleirum skólavist í haust og tryggja námslok og bæta umgjörð byggingarmála til að tryggja hraðari og hagkvæmari uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Þá þarf að grípa til aðgerða þannig að vaxtalækkunar Seðlabankans skili sér til fyrirtækjanna.

Í þessari miklu kreppu hefur mikilvægi iðnaðar sýnt sig, hérlandis jafnt sem erlendis. Lönd reiða sig í meira mæli á eigin framleiðslu og aukin áhersla er á sjálfbærni. Með því að velja íslenskt og skipta við innlend fyrirtæki verður til keðjuverkun sem nær yfir allt samfélagið. Þannig verjum við störf og stuðlum að uppbyggingu og tryggjum að heimilin, efnahagslífið og samfélagið allt haldist gangandi á meðan landamæri eru lokuð. Þetta tryggir einnig kröftugri viðspyrnu atvinnulífs þegar aðstæður breytast til betri vegar.

Einblínt hefur verið um of á eina atvinnugrein í senn hér á landi, fjármálaþjónustu á fyrsta áratug aldarinnar og ferðaþjónustu á öðrum áratugnum. Eftir það mikla efnahagsáfall sem nú dynur á eiga stjórnvöld að móta atvinnustefnu með það að markmiði að efla samkeppnishæfni Íslands heilt yfir. Þannig hlúum við í senn að þeim iðnaði sem fyrir er og nýjar greinar, ný fyrirtæki og aukin verðmæti verða til með nýsköpun, en nýsköpun á sér stað í öllum greinum. Þannig fjölgar stöðunum í atvinnulífinu og stöðugleiki eykst. Útflutningur þarf að aukast mikið til að halda í við þau lífskjör sem þjóðin hefur búið við. Með réttum aðgerðum og hvötum getur þriðji áratugurinn orðið áratugur nýsköpunar og við á sama tíma byggt undir nýja útflutningsstoð á sviði nýsköpunar, þekkingar og hugvits.



Ályktun Iðnþings 2020 samþykkt á framhaldsaðalfundi 18. september

Skiptum um kúrs – sækjum fram á nýjum grunni og sköpum skilyrði fyrir aukna verðmætasköpun

Íslenskt atvinnulíf stendur á krossgötum. Ljóst er að efnahagslegar afleiðingar af heimsfaraldri kórónuveiru verða miklar og langvarandi. Sú staða, ásamt því að óvissa ríkir um sjálfbæra gjaldeyris-öflun þjóðarþúsins, gerir það að verkum að óumflýjanlegt er að skipta um kúrs. Skapa þarf skilyrði fyrir vöxt nýrra atvinnugreina ásamt því að bæta skilyrði fyrir rótgrónar greinar til frekari vaxtar og verðmætasköpunar. Samtök iðnaðarins skora á stjórnvöld að varða leið vaxtar með nýsköpun sem drifkraft. Þannig má tryggja viðspyrnu og fjölga störfum sem leiðir okkur út úr núverandi efnahagsþrengingum og inn í nýtt, sjálfbært hagvaxtarskeið.

Um langt skeið hefur legið fyrir að renna þarf fjölbreyttari stoðum undir gjaldeyrisöflun þjóðarþúsins. Ekki er í boði að hika lengur en þetta verður ekki gert nema með stórátaki, hugarfarsbreytingu og skýrri pólitískri leiðsögn. Breyta þarf forgangsstöðun. Stöðun er ekki valmöguleiki og ef stjórnvöld vilja styðja við framtíðarsýn um

öflugt, fjölbreytt atvinnulíf sem drifið er áfram af nýsköpun þarf að ganga hreint til verks.

Þetta gera stjórnvöld með atvinnustefnu sem miðar að aukinni samkeppnishæfni Íslands. Slík stefna byggir á umbótum í menntamálum, uppbyggingu innviða, bættri umgjörð nýsköpunar og betri starfsskilyrðum fyrirtækja. Ný störf verða til samfara aukinni verðmætasköpun og vexti fyrirtækja en í því tilliti þarf að virkja hugvitið þar sem nýsköpun leikur lykilhlutverk. Á næstu þremur áratugum þurfa að verða til 60 þúsund ný störf á Íslandi eða um 40 ný störf á hverri viku til að tryggja góð efnahagsleg lífsgæði landsmanna. Bráðavandinn er hið mikla atvinnuleysi sem nú er í sögulegum hæðum. Iðnaður lagði mikið til endurreisnar hagkerfisins á árunum 2011–2019. Eitt af hverjum fimm störfum er í iðnaði og skapar íslenskur iðnaður ríflega fimmtung landsframleiðslunnar með beinum hætti og 40% til útflutnings. Iðnaður getur á enn kröftugri



hátt verði drifkraftur endurreisnar hagkerfisins nú en til þess þurfa stjórnvöld og atvinnulíf að taka höndum saman og vinna hratt að uppbyggingu og bættum skilyrðum. Nýjar útflutningsgreinar og aukin verðmæti með nýsköpun í rótgrónum greinum þurfa að knýja vöxtinn til að viðhalda þeim lífskjörum sem við höfum búið við. Nýsköpun er þannig eina leiðin fram á við.

Staða orkusækins iðnaðar er mikið áhyggjuefni en verulega hefur dregið úr samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem skapa um 30% gjaldeyrstekna þjóðarinnar ásamt fjölda beinna og óbeinna starfa og verðmæta. Ef kostnaður við flutning raforku og það orkuverð sem býðst núna lækkar ekki má búast við afföllum í þessari grein. Það yrði mikið áfall ef tvær stoðir hagkerfisins myndu gefa eftir á sama tíma.

Verja þarf þau störf sem fyrir eru og búa til ný með hvetjandi og skilvirkari starfsskilyrðum og stórátaki í nauðsynlegri innviðauppbbyggingu. Auknar fjárfestingar hins opinbera í efnislegum innviðum landsins ásamt áttakinu Allir vinna hafa nú þegar varið fjölmörg störf og stuðlað að tímabærri uppbyggingu innviða sem er fjárfesting í hagvexti framtíðar.

Fjárfesting í menntun, líkt og í innviðum og nýsköpun, er arðbær og skilar sér margfalt til baka. Samtök iðnaðarins fagna tímabærri áherslu stjórnvalda á iðnnám en samhent átak virðist vera að skila sér í aukinni aðsókn í iðnnám. Lágt hlutfall brautskráðra á háskólastigi í STEM greinum dregur úr nýsköpun og þarf að bæta þar úr með markvissum aðgerðum eigi að byggja upp nýja efnahagsstoð.

Þess vegna leggja Samtök iðnaðarins áherslu á eftirfarandi:

- Stjórnvöld móti atvinnustefnu sem miðar að aukinni samkeppnishæfni Íslands. Slík stefna byggir á umbótum í menntamálum, uppbyggingu innviða, bættri umgjörð nýsköpunar og betri starfsskilyrðum fyrirtækja.
- Haldið verði áfram að bæta skilyrði og hvata til nýsköpunar í atvinnulífi, m.a. með frekari eflingu Tækniþróunarsjóðs.
- Framlög hins opinbera til uppbyggingar og viðhalds innviða landsins verði aukin enn meira enda leggur það grunn að hagvexti framtíðar.
- Átakið Allir vinna verði framlengt út árið 2021 að lágmarki.
- Nauðsynlegum umbótum á byggingamarkaði verði hrundið í framkvæmd tafarlaust í takt við tillögur áttakshóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem skilað var í byrjun árs 2019.
- Dregið verði úr álögum á fyrirtæki, sér í lagi verði tryggingagjald og fasteignagjöld lækkuð.
- Mikilvægt er að stjórnþækkjum opinberra fjármála og peningamála sé beitt af fullum þunga til að stýra hagkerfinu út úr núverandi efnahagsþrengingum.
- Umsvif ríkisins á samkeppnismörkuðum hafa aukist og eru að mati samtakanna óásættanleg þar sem þau draga kraft úr atvinnulífinu.
- Ríki og háskólar setji upp hvata til þess að fjölga þeim sem útskrifast úr STEM greinum á háskólastigi.
- Samtökin skora á stjórnvöld – ríki og sveitarfélög – að styðja við áform um nýtt húsnæði fyrir Tækniskólann þannig að þau verði að veruleika sem fyrst.
- Unnið verði að markmiðum í umhverfis- og loftslagsmálum í góðri sátt við atvinnulífið þar sem jákvæðum hvötum verði beitt frekar en að sett verði á boð og bönn.
- Samtökin styðja áform um orkuskipti í samgöngum og benda á þau tækifæri sem þar liggja fyrir íslenskt atvinnulíf við áframhaldandi þróun og nýsköpun á sviði rafmagns, metans, metanóls, vetnis og repjuolíu sem eldsneytisgjafa í samgöngum.

Stefna SI til 2021

Stjórn Samtaka iðnaðarins samþykkti stefnu samtakanna 2019–2021 á fundi sínum á Siglufirði í júní 2019. Stefnumótunin hófst í Húsafelli í september 2018 þar sem stjórn SI, félagsmenn og starfsmenn komu saman. Stefnan miðar að því að efla íslenskan iðnað og auka samkeppnishæfni hans. Stefnan byggir á sex stoðum sem eru menntun, innviðir, nýsköpun, starfsumhverfi, umhverfis- og orkumál og ímynd. Með umbótum á þessum sviðum má auka samkeppnishæfni Íslands sem eykur verðmætasköpun og þar af leiðandi lífsgæði landsmanna. Þannig verður Ísland í fremstu röð.



Menntun



Nýsköpun



Starfsumhverfi



Innviðir



Orka og umhverfi



Ímynd



Viðburðir

Fjölbreyttir viðburðir

Vegna samkomutakmarkana var viðburðarhald Samtaka iðnaðarins með breyttu sniði þar sem efnt var til fjölda rafrænna viðburða á starfsárinu. Líkt og undanfarin ár voru viðfangsefni viðburðanna margvísleg og spönnuðu breitt svið. Auk eigin funda og viðburða tóku samtökin þátt í ýmsum viðburðum í samvinnu við aðra.



Útboðsþing SI

Útboðsþing SI var haldið í samstarfi við Mannvirki – félag rafverktaka og Félag vinnuvélæigenda í Háteig á Grand Hótel Reykjavíkur þar sem fulltrúar 10 opinberra aðila kynntu fyrirhugaðar verklegar framkvæmdir sem fara í útboð á árinu.

Framleiðsluþing SI

Yfirskrift Framleiðsluþings SI sem haldið var í Norðurljósum í Hörpu var Áskoranir og tækifæri í íslenskum framleiðsluiðnaði. Á þinginu var kastljósinu beint að helstu áskorunum sem íslensk framleiðslufyrirtæki standa frammi fyrir. Horft var sérstaklega til tækifæra í nýsköpun í umhverfis- og loftslagsmálum.



Fjölbreyttir viðburðir



Árni Sigurjónsson og Sigurður Hannesson ásamt Guðrúnu Hafsteinsdóttur, sem fékk þakklætisvott á Iðnþingi eftir að hafa látið af formennsku samtakanna eftir 6 ára setu.

Menntadagur atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins var haldinn í sjötta sinn í Silfurbergi í Hörpu. Yfirskrift dagsins að þessu sinni var Sköpun. Orkuveita Reykjavíkur var valin Menntafyrirtæki ársins og Samkaup Menntasproti ársins. Dagurinn er samstarfsverkefni SI, Samorku, SAF, Samtaka fjármálafyrirtækja, SFS, SVÞ og SA.

Kynning á Tækniþróunarsjóði

Fundur Samtaka iðnaðarins og Rannís í Húsi atvinnulífsins þar sem fjallað var um Tækniþróunarsjóð og skattvæðingar vegna nýsköpunarverkefna.

Rafræn fræðsla

Fundaröð um rafræna fræðslu sem haldin var í Húsi atvinnulífsins undir yfirskriftinni Menntamorgnar. Samstarfsverkefni Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Samorku, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka fjármálafyrirtækja, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtaka verslunar og þjónustu.

Iðnþing

Iðnþing fór fram í beinni útsendingu frá Silfurbergi í Hörpu. Yfirskrift þingsins að þessu sinni var Nýsköpun er leiðin fram á við.

Keðjuábyrgð

Mannvirki – félag verktaka og Samtök iðnaðarins efndu til fundar í Húsi atvinnulífsins um keðjuábyrgð í opinberum samningum.

Dagur prents og miðlunar

Samstarfsverkefni Iðunnar, Grafiu og SI þar sem boðið er upp á fjölmörg erindi yfir daginn og endað á léttum nótum með uppistandar-anum Ara Eldjárn. Dagurinn var haldinn í sjötta sinn.

Forvarnir gegn innbrotum

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir rafrænum fræðslufundi fyrir félagsmenn Mannvirkis – félags verktaka og Félags vinnuvélaeigenda þar sem fjallað var um forvarnir gegn innbrotum í vinnuvélar og á vinnustaði verktaka og vinnuvélaeigenda.

Vinnutími iðnaðarmanna

Samtök iðnaðarins voru meðal aðildarféлага SA sem stóðu fyrir rafrænum fundi um vinnutíma iðnaðarmanna þar sem var farið yfir helstu þætti um virkan vinnutíma iðnaðarmanna og yfirvinnu 1 og 2.

Rafræn heimsókn í Hús íslenskunnar

Yngri ráðgjafar sem er deild innan Félags ráðgjafarverkfræðinga stóðu fyrir rafrænni heimsókn í Hús íslenskunnar.

Fundur um stafræna tækni hjá hinu opinbera

Samtök upplýsingatækniyrirtækja, SUT, héldu rafrænan fund þar sem samtökin voru kynnt, sem og Stafrænt Ísland.

Samráðsfundur um útgöngu Bretlands úr ESB

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra átti samráðsfund með forystufólki úr atvinnulífinu þar sem rætt var um fríverslunarviðræður Íslands, Noregs og Liechtenstein við Bretland. Fundurinn fór fram í Húsi atvinnulífsins í Borgartúni.

Rafræn fundaröð Yngri ráðgjafa

Yngri ráðgjafar, sem er deild innan Félags ráðgjafarverkfræðinga, efndu til fundaraðar um nýsköpun og nýjar lausnir í mannvirkja-gerð.

Dómur Evrópudómstólsins Schrems II

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir rafrænum fundi um dóm Evrópudómstólsins, Schrems II.

Mat á umhverfisáhrifum

Félag ráðgjafarverkfræðinga stóð fyrir fundi um mat á umhverfisáhrifum og niðurstöðu skýrslu sem VSÓ ráðgjöf tók saman fyrir Samorku, SA, SI og FRV.

Vaxtarsprotinn

Vaxtarsprotinn var afhentur í Café Flóru, grasagarðinum í Laugardal í maí. Það var fyrirtækið Kerecis sem hlaut Vaxtarsprotann auk þess sem Carbon Recycling International og Pure North Recycling hlutu viðurkenn-ingar fyrir vöxt í veltu.

Þjónustulýsingar í Danmörku

Félag ráðgjafarverkfræðinga stóð fyrir fræðslu-fundi um þjónustulýsingar systursamtaka í Danmörku.

Hlutdeildarlán

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir rafrænum fundi um hlutdeildarlán fyrir félagsmenn.

Kjarasamningar iðnaðarmanna

Meistaradeild SI stóð fyrir rafrænum fundi um kjarasamninga iðnaðarmanna.

Stöðuleyfisgjöld

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fundi um stödu-leyfisgjöld.

Norraenir ráðgjafarverkfræðingar

Félag ráðgjafarverkfræðinga stóð fyrir raf-rænum fundi ásamt systursamtökum á Norð-ur löndum. Fundinum var stýrt frá Húsi atvinnulífsins.

Ecotrophelia Ísland

Frosti skyr bar sigur úr bítum í vörubróunar-samkeppninni Ecotrophelia Ísland og tók þátt í Evrópukeppni sem haldin var í Frakklandi. Frosti skyr hreppti þriðja sætið í keppninni.

Work in Iceland

Samtök iðnaðarins og Íslandsstofa í sam-vinnu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðu-neytið stóðu fyrir rafrænum fundi þar sem fjallað var um tækifærin sem felast í að fá fleiri erlenda sérfræðinga til Íslands í hátækni-störf. Einnig var á árinu frumsýnt nýtt mynd-band Work in Iceland á rafrænum fundi með iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Umhverfisdagur atvinnulífsins

Umhverfisdagur atvinnulífsins var rafrænn. Terra var valið Umhverfisfyrirtæki ársins og Netpartar fékk umhverfisviðurkenningu fyrir framtak ársins á sviði umhverfismála. Að deginum standa auk Samtaka iðnaðarins Samtök atvinnulífsins, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök verslunar og þjónustu.



Vaxtarsprotinn. Á myndinni eru, talið frá vinstri, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, nýsköpunarráðherra, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Lýður Erlendsson hjá Rannís, Ingólfur Guðmundsson, forstjóri CRI, Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, forstjóri Kerecis, Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri Pure North Recycling, Sigurður R. Ragnarsson, forstjóri ÍAV, og Ari Kristinn Jónsson, rektor HR.

SI er sterkur bakhjarl

Samtök iðnaðarins koma að framkvæmd og styrkja margskonar verkefni í samstarfi við aðra í þeim tilgangi að styðja fjölbreytt málefni sem varða hag íslensks iðnaðar.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. SI styrkja Nýsköpunarsjóð námsmanna við veitingu Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.

Team Spark

SI er bakhjarl Team Spark sem er lið nemenda við HÍ sem hanna og smíða rafkappakstursbíla til keppni á alþjóðlegum vettvangi í Formula Student keppninni þar sem lið frá mörgum af bestu tækniháskólum heims keppast um að smíða besta kappakstursbílinn. Liðsmenn Team Spark hafa haldið kynningar í grunnskólum landsins, kynnt námið sitt og hvernig það tengist hönnun bílsins.

Ecotrophelia Ísland

SI, Matís og Nýsköpunarmiðstöð eru aðilar að Ecotrophelia Europe sem er alþjóðleg keppni háskólanema í nýsköpun í vistvænni matvælaframleiðslu. Lið Íslands í keppninni var skipað nemum úr matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands. Framlag þeirra var Frosti skyr sem hlaut þriðju verðlaun.

Hvatningarsjóður Kviku

Kvika, í samstarfi við Samtök iðnaðarins, veitti styrki til nema í iðn- og starfsnámi úr hvatningarsjóði sínum. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í október 2018. Í ár hlutu 7 nemendur styrki og stunda þeir meðal annars nám í klæðskurði, húsgagnasmíði, skipstjórn, húsasmíði, pípulögnum og vélstjórn. Markmið sjóðsins er að efla umræðu og vitund um mikilvægi iðn- og starfsnáms fyrir íslenskt atvinnulíf.

Bláskelin

Matarbúðin Nándin hlaut Bláskelina, viðurkenningu fyrir framúrskarandi plastlausn. Fulltrúi SI sat í dómnefnd.



Bláskelin. Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI, sat í dómnefnd Bláskeljarinnar sem fulltrúi SI, hún er önnur frá hægri á myndinni.

Framfarasjóður SI

Framfarasjóður Samtaka iðnaðarins veitti fjórum verkefnum styrki á árinu að upphæð 26,3 milljónir króna. Við val á verkefnunum var horft til þess að þau efla menntun í iðn-, verk- og tæknigreinum, að um sé að ræða nýsköpun sem styrki framþróun í iðnaði og að þau leiði til framleiðniaukningar. Með vali á þessum fjórum verkefnum endurspeglast áherslur Samtaka iðnaðarins. Sjóðurinn var stofnaður árið 2016 í þeim tilgangi að skapa farveg sem styður við og þróa framfaramál tengd iðnaði. Sjóðnum bárust 13 umsóknir.



Mannvirki – félag verktaka, Félag ráðgjafarverkfræðinga og Samtök arkitektastofa hljóta styrk að fjárhæð 5 milljónir króna til að þróa samræmda aðferðafræði vegna kostnaðaráætlana í mannvirkjagerð. Verkefnið stuðlar að aukinni framleiðni og hefur breiða skírskotun. Frá afhendingu styrksins til Mannvirkis, Félags ráðgjafarverkfræðinga og Samtaka arkitektastofa, talið frá vinstri, Jón Ólafur Ólafsson, formaður Samtaka arkitektastofa, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, og Reynir Sævarsson, formaður Félags ráðgjafarverkfræðinga.



Félag íslenskra gullsmiða hlýtur styrk að fjárhæð 800 þúsund krónur til að skrásetja verkferla á gullsmiðaverkstæði. Verkefnið varðar heila grein og stuðlar að aukinni framleiðni. Frá afhendingu styrksins til Félags íslenskra gullsmiða, talið frá vinstri, Haraldur Hrafn Guðmundsson, gullsmiðameistari, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, og Páll Sveinsson, gullsmiðameistari.

Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði og lönú hljóta 14 milljóna króna styrk til þess að gefa út námsefni í málm-tengdum iðngreinum í framhaldsskólum, en kennsluefni er ábótavant í mörgum námskeiðum í þeim iðngreinum. Verkefnið eflir menntun í málm-tengdum iðngreinum. Frá afhendingu styrksins til Málmis og lönú, talið frá vinstri, Helgi Guðjónsson, formaður Málmis, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, og Heiðar Ingi Svansson, framkvæmdastjóri lönú.



Ásgarður ráðgjöf hlýtur styrk að fjárhæð 6,5 milljónir króna til að þróa leiðbeiningar og viðmið vegna nýsköpunarkennslu grunnskólanemenda með áherslu á að tengja list- og verkgreinar markmiðum grunnskóla undir yfirskriftinni Nýsköpunarskólinn. Félagið starfar nú þegar með um 20 grunnskólum víða um land og mun innleiða þessa aðferðafræði í þeim skólum. Verkefnið snýr að menntun og nýsköpun og hefur breiða skírskotun. Frá afhendingu styrksins til Ásgarðs, talið frá vinstri, Árni Sigurjónsson, formaður SI, Erla Björk Sveinsbjörnsdóttir, sérfræðingur hjá Ásgarði og ráðgjafi, og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI.





Mannvirkjasvið

Á mannvirkjasviði SI starfa fjölmörg fagfélög og starfsgreinahópar: SAMARK – samtök arkitektastofa, FRV – Félag ráðgjafarverkfræðinga, Félag vinnuvélaeigenda, Mannvirki – félag verktaka og Meistaradeild SI sem samanstendur af félögum iðnmeistara: Félag blikksmiðju-eigenda, Félag dúklagninga- og veggfóðrarameistara, Meistarafélag byggingarmanna í Vestmannaeyjum, Félag skrudgarðyrkjumeistara, Málarameistarafélagið, Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi, Meistarafélag húsasmiða, Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði, Meistarafélag Suðurlands, Meistarafélag byggingarmanna á Suðurnesjum, Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda og SART – Samtök rafverktaka og 8 undirfélög rafverktaka.

Mannvirkjaráð SI – Í ráðinu eru fulltrúar allra starfandi fagfélaga á sviðinu auk stjórnarmanna SI sem starfa í mannvirka- og byggingariðnaði.

Umhverfi byggingarmála – Á árinu átti sér stað umfangsmikil vinna við breytingar á mörgum af undirstöðum greinarinnar, regluverki, stjórnsýslu, nýsköpun, umhverfismálum o.fl. Ljóst er að umhverfi byggingarmála er að taka breytingum til hins betra. Breytingarnar hafa verið lengi í vinnslu og byggja á tillögum sem Byggingarvettvangurinn lagði fram á sínum tíma eftir samráð við félagsmenn SI. Vinna er hafin á vegum Byggingarvettvangsins við að móta langtímaáætlun fyrir nýsköpun og rannsóknir í byggingar- og mannvirkjagerð. Þá sitja fulltrúar mannvirkjasviðs í vinnuhópi á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem hefur verið falið að búa til vegvísi fyrir vistvæna mannvirkjagerð hér á landi til ársins 2030 undir heitinu Byggjum grænni framtíð. Endurskoðun á skipulagslögum átti sér einnig stað og voru drög að frumvarpi í kjölfarið lögð fyrir á Alþingi en það er mat samtakanna að alltof skammt sé gengið í því að auka skilvirkni skipulagsmála með því frumvarpi. Þá vann VSÓ ráðgjöf skýrslu fyrir SI, FRV og SA um málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum. Samkeppnismat OECD kom út á árinu en matið hefur þann tilgang að greina og meta regluverk með tilliti til þess hvort það kunni að hamla samkeppni. Í skýrslu OECD eru gerðar 316 tillögur til úrbóta á lögum og reglum í byggingariðnaði, meðal annars endurskoðun á byggingarreglugerð og hófst vinna innan samtakanna við að yfirfara þessar tillögur. Mest varð þó umræðan í kringum tillögu OECD um endurskoðun á löggildingu ákveðinna iðngreina í byggingar- og mannvirkjagerð og hefur Meistaradeild SI ásamt meistarafélögum í öðrum atvinnugreinum leitt þá vinnu.

Íbúðatalning SI – Niðurstöður talninga SI á íbúðarhúsnæði í byggingu voru birtar tvisvar á árinu. Frá árinu 2007 hefur starfmaður sviðsins farið um og talið íbúðir í byggingu. Fyrstu þrjú árin var farið einu sinni á ári um höfuðborgarsvæðið en frá árinu 2010 hefur verið talið tvisvar á ári. Nýjustu talningar benda til þess að skortur verði á húsnæði til 2023 ef ekkert verður að gert.

Mannauður og menntamál – Á árinu var áfram unnið að málefnum er varða menntun og skort á faglærðu fólki í greininni. Félag vinnuvélaeigenda fagnaði því á árinu að koma fullbúnum tillögum um nám í jarðvirkjun til Tækniskólans og hafist var handa við að auglýsa námið formlega á vegum skólans. Rík áhersla var lögð á óviðunandi eftirlit opinberra aðila með brotum á iðnlöggjöfnni á vegum meistaradeildar SI. Félag ráðgjafarverkfræðinga hefur einnig lagt áherslu á að berjast gegn innhýsingu opinberra aðila á sérfræðingum í greininni með það að leiðarljósi að auka verðmætasköpun í atvinnulífni. Samtök rafverktaka, SART, endurnýjuðu einnig samninga við Staðlaráð um kaup á áskrift að fagtgengdum stöðlum rafiðnaðarmanna. Þá afhenti Rafmennt sem er í eigu SART og Rafiðnaðarsambandsins spjaldtölvur til nemenda í rafvirkjun fjórða árið í röð.

Öflug starfsemi á sviðinu – Öflugt starf átti sér stað innan félaga á mannvirkjasviði SI og hafa þau unnið að fjölmörgum málefnum, fundað með erlendum systursamtökum og staðið fyrir fjölda viðburða á árinu þrátt fyrir miklar samkomutakmarkanir. Málaferli hófust á árinu varðandi innviðagjöld Reykjavíkurborgar í héraðsdómi auk þess sem kvörtun var send til úrskurðarnefndar útboðsmála vegna ákvörðunar Reykjavíkurborgar um að bjóða ekki út viðhald og LED-væðingu á götulyksingu borgarinnar. Innan Meistaradeildar SI, MSI, eru öll meistarafélög í byggingariðnaði.

Málefnið eru margvísleg en lög um mannvirki og byggingarreglugerð eru fyrirferðamest. Samtök iðnaðarins, í samstarfi við Meistaradeild SI, opnuðu nýja vefsíðu, meistarinn.is, þar sem neytendur geta leitað að meisturum. Meistarafélögin innan MSI hafa beitt sér á fjölbreyttan hátt, meðal annars með aðkomu að skipulagsvinnu sveitafélaga. Meistarafélög á landsbyggðinni eru almennt í miklu samtali við skipulags- og byggingarfulltrúa á viðkomandi svæðum sem skilar sér í betra samstarfi og oft ásættanlegra niðurstaða. Félag ráðgjafarverkfræðinga tók þátt í Sector Review, tímariti norrænna verkfræði- og arkitektastofa sem kom út í byrjun ársins. Þá voru haldnir tveir rafrænir fundir með systursamtökum FRV á Norðurlöndunum til að ræða áhrif af heimsfaraldrinum. Yngri ráðgjafar innan FRV stóðu fyrir vel sóttum fundum um nýsköpun og nýjar lausnir í mannvirkjagerð en voru auk þess með rafræna „heimsókn“ í Hús íslenskunnar og skráðu sig á Instagram. Samtök arkitektastofa, SAMARK, lögðu ríka áherslu á endurskoðun rammisamnings um umhverfis-, skipulags- og byggingarmál og fögnuðu því ákvörðun Ríkiskaupa um að nýta ekki framlengingarheimild samningsins. Kjarasamningur milli Arkitektafélags Íslands, AÍ, og SAMARK var auk þess staðfestur. Félag vinnuvélaeigenda stóð fyrir fundi þar sem fjallað var um forvarnir gegn innbrotum í vinnuvélar og á vinnustaði verktaka og vinnuvélaeigenda. Þá voru opnaðar nýjar heimasíður fyrir Félag vinnuvélaeigenda og Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda. Mannvirki – félag verktaka hélt fund þar sem fjallað var um keðjuábyrgð í opinberum samningum auk þess að haldinn var rafrænn fundur um hlutdeildarlán.



Hugverkasvið

Starfsgreinarhópar á hugverkasviði unnu ótúllega að framgangi hagsmunamála hugverkaiðnaðar á árinu. Undir hugverkasvið heyrja sex félög og starfsgreinahópar: Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök gagnavera, Samtök leikjaframleiðenda, Samtök sprotafyrirtækja, Samtök fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni og Samtök upplýsingatækfyrirtækja.


Hugverkaráð Samtaka iðnaðarins – Ráðið leiðir málefnavinnu hugverkaiðnaðar en í ráðinu sitja fulltrúar starfsgreinahópa og er markmið Hugverkaráðs að efla samkeppnishæfni hugverka og hátækfyrirtækja á Íslandi. Áherslumál Hugverkaráðs snúa að því að á Íslandi verði umgjörð og hvatar fyrir nýsköpun í iðnaði eins og best verður á kosið. Árið var ár uppskeru fyrir Hugverkaráð og hugverkaiðnað en mörg af stærstu áherslumálum náðust í gegn á árinu líkt og sjá má í kafla um nýsköpun. Hugverkaráð beitir sér meðal annars fyrir öflugum skattahvötum fyrir nýsköpun, rannsóknir og þróun, auknu aðgengi að fjármagni fyrir sprotafyrirtæki og að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga í sérhæfð störf hér á landi. Sem liður í því verkefni var nýtt kynningarmyndband um Ísland sem áfangastað fyrir erlenda sérfræðinga frumsýnt í desember.

Samtök sprotafyrirtækja – SSP vinna að hagsmuna og stefnumálum sprotafyrirtækja. SSP fögnuðu því á árinu að skattahvatar voru eflir, að framlög til Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs námsmanna voru aukin ásamt því að Kría, nýr hvatasjóður, leit dagsins ljós. SSP átti í nánu samstarfi við Rannís á árinu varðandi aukna skilvirkni við úthlutanir úr Tækniþróunarsjóði og fleiri mál. SSP skilaði jafnframt fjölmörgum umsögnum til Alþingis á árinu. SSP lagði aukna áherslu á sýnileika, meðal annars með greinarskrifum og virkni á samfélagsmiðlum.

Samtök gagnavera – DCI leggja áherslu á að efla samkeppnishæfni gagnaversiðnaðar á Íslandi. Raðforumál og efling gagnatenginga við útlönd eru ofarlega á baugi hjá samtökunum. Á árinu var unnið að nýrri stefnu í markaðssetningu fyrir gagnaversiðnaðinn í samvinnu við Íslandsstofu. DCI fagnaði jákvæðum skrefum í átt að bættri umgjörð raðforumarkaðar á árinu og áformum stjórnvalda um að leggja nýjan fjarskiptasæstreng til Írlands.


Samtök fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni – SLH hafa lagt áherslu á öfluga umgjörð fyrirtækja í rannsóknum og þróun, að efla samstarf við hagsmunaaðila á heilbrigðissviðinu og samstarf á milli fyrirtækja í líf- og heilbrigðistækni. Sérstök áhersla hefur verið lögð á innleiðingu nýrrar löggjafar um lækningatæki og samstarf hins opinbera við fyrirtæki í líf- og heilbrigðistækni við innleiðinguna.

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda – SÍK átti virka aðkomu að nýrri kvikmyndastefnu sem kom út á árinu. SÍK leggur áherslu á að efla ímynd kvikmynda- og sjónvarpsíðnaðar á Íslandi og að standa vörð um löggjöf um endurgreiðslur á framleiðslukostnaði kvikmynda- og sjónvarpsefnis. SÍK hefur meðal annars lagt fram tillögur að hækkun á endurgreiðsluhlutfalli vegna kvikmyndagerðar með það að markmiði að laða stærri framleiðsluverkefni til landsins. Árangur náðist í helstu hagsmunamálum SÍK á árinu, meðal annars í tengslum við nýjan sjónvarpssjóð og metnaðarfulla kvikmyndastefnu til ársins 2030.



Samtök leikjaframleiðenda – IGI fór í stefnumótun í janúar sem markaði starfsárið. IGI kom á fót nýrri vefsíðu á árinu ásamt því að uppfæra hagðölur tölvuleikjaiðnaðar. IGI þróaði áfram hugmyndir um þáttaseríu um íslenskan leikjaiðnað sem stefnt er að framleiðslu á árið 2021. Félagsmönnum IGI hélt áfram að fjölga. Samstarf við Íslandsstofu varðandi markaðssetningu og ímynd tölvuleikjaiðnaðar jókst á árinu. IGI fagnaði umbótum í umgjörð nýsköpunar og haldinn var kynningarfundur fyrir félagsmenn um breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Samtök upplýsingatækfyrirtækja – SUT og SI gáfu út ítarlega greiningu á árinu um ónýtt tækifæri í upplýsinga- og fjarskiptatækniiðnaði á Íslandi þar sem kom fram að mikil tækifæri væru í því að efla greinina og skapa hér á landi verðmæti í upplýsingatækniiðnaði til jafns við það sem gengur og gerist í Evrópu. Útboðsmál voru áfram til umræðu og stefnir SUT að því að halda áfram að hafa áhrif á þróun í þeim málaflokki. Menntamál eru ofarlega á baugi hjá SUT sem leggur áherslu á aukna hlutdeild raun- og tæknigreina í menntakerfinu.



Framleiðslusvið

Undir framleiðslusvið SI heyra fyrirtæki af fjölbreyttum toga sem fást við framleiðslu og þjónustu. Fyrirtækin starfa saman í starfsgreinahópum og einstökum málefnum sem snerta rekstur þeirra. Starfsgreinahóparnir eru 16 talsins. Þótt fyrirtækin séu ólík eru mörg mál sem sameina þau, til dæmis áhersla á aukna framleiðni, framfarir í umhverfis- og loftslagsmálum og bætt rekstrarskilyrði.

Framleiðsluráð SI – Ráðið leiðir málefnavinnu sviðsins. Áherslumál eru að auka vægi framleiðslugreina í þjóðfélagslegri umræðu, vekja athygli á gæðum íslenskrar framleiðslu, nýsköpun í framleiðslufyrirtækjum, umhverfis- og loftslagsmál framleiðslufyrirtækja, skilvirkara eftirliti opinberra aðila og að greina skatta- og gjaldaumhverfi framleiðslufyrirtækja.

Framleiðsluþing 2020 – Framleiðslusvið stóð fyrir Framleiðsluþingi SI í febrúar. Áhersla og yfirskrift þingsins voru áskoranir sem framleiðslufyrirtæki standa frammi fyrir. Horft var sérstaklega til tækifæra í nýsköpun í umhverfis- og loftslagsmálum og að ný hugsun og tækni geti ráðið úrslitum um framtíðarvöxt framleiðsluðnaðar á Íslandi.

Umhverfis- og loftslagsmál – Grunnur var lagður að vinnu við loftslagsáætlun atvinnulífsins á árinu þar sem aðildarsamtök SA munu greina hindranir og leggja til lausnir í vegferð að kolefnilausu Íslandi árið 2040. Mikill áhugi er hjá fyrirtækjum innan SI að taka þátt í þeirri vinnu. Þá hefur nú sem áður rík áhersla verið lögð á umhverfis- og loftslagsmál á vettvangi Framleiðsluráðs SI.

Úrgangs- og endurvinnslumál – Óhætt er að segja að vakning hafi orðið um mikilvægi þessa málaflokks og til marks um slíkt má nefna að tvö fyrirtæki á framleiðslusviði sem bæði huga að úrgangs- og endurvinnslumálum hlutu verðlaun á Umhverfisdegi atvinnulífsins, þ.e. Terra var valið umhverfisfyrirtæki ársins og viðurkenningu fyrir framtak ársins á sviði umhverfismála hlutu Netpartar.

Staðreyndir og sleggjudómar um pappír – Á vormánuðum var gefið út fræðslurit um sjálfbærni pappírs- og prentiðnaðar, en í ritinu er farið yfir sleggjudóma og staðreyndir sem varða vinnslu pappírs. Fræðsluritið var gefið út í samstarfi SI, Iðunnar fræðsluseturs, Grafiu og pappírsinnflytjenda. Stuðst var við rannsóknir Alþjóðæfnahagsþingsins og kynningarefni frá alþjóðlegu samtökunum Two Sides.

Endurnýjun á námsefni í málmtæknigreinum – Málmur – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, í samstarfi við IÐNÚ, hlaut styrk frá Framfarasjóði SI til þess að gefa út námsefni í málmiðngreinum í framhaldsskólum. Markmiðið með verkefninu er að nútímavæða námsgögnin sem og að gera námið meira áhugaverðara og eftirsóttara fyrir framtíðar námsmenn en mikil þörf er á menntuðum málmiðnaðarmönnum í atvinnulífið.

Umhverfisvænni blikksmiðjur á Íslandi – Á árinu hófst samstarf meðal norræna blikksmiðja um sameiginlegt verkefni til að draga úr magni málmúrgangs frá norrænum blikksmiðum og er verkefnið fjármagnað að hluta til frá Nordic Innovation, en framleiðslusvið SI á fulltrúa í vinnuhóp þessa verkefnis.

Ecotrophelia – SI standa að baki nýsköpunarkeppninni Ecotrophelia sem er keppni háskólanema í þróun matvæla og drykkja. Frosti skyr, lið úr matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, tók þátt fyrir Íslands hönd í Evrópukeppninni sem var haldin með rafrænum hætti. Frostpurkaða skyrið frá Frosta skyr lenti í þriðja sæti Evrópukeppninnar og er það besti árangur Íslands í keppninni frá upphafi.

Matvælastefna – Stjórnvöld kynntu í lok árs Matvælastefnu fyrir Ísland til ársins 2030 sem ætlað er að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku til að stuðla að aukinni verðmætasköpun, tryggja matvæla- og fæðuöryggi og sjálfbærni. Endurspeglar þetta áherslur sem SI lögðu fram í verkefnastjórn um mótun stefnunnar.





Menntun

#FYRIR MIG

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í menntun landsmanna þar sem stefnt er að því að menntakerfið leiði saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan og hagkvæman hátt.

Bein aðkoma SI að menntastofnunum



Þátttaka SI í verkefnum til að hvetja til iðn-, verk- og tæknimenntunar

#Fyrir mig – SI leggja áherslu á verkefni sem hvetja til iðn-, verk- og tæknimenntunar og ber þar hæst samstarfsverkefni sem gengur undir nafninu #Fyrir mig, en samkomulag var undirritað milli menntamálaráðuneytisins, SI og Sambands Íslenskra sveitarfélaga í febrúar um markvissar aðgerðir í samráði við atvinnulífið, skólasamfélagið og sveitarfélög-in í þeim tilgangi að fjölga starfs- og tækni-menntuðum á vinnumarkaði.

Samkomulagið felur í sér 6 markmið:

1. Auka áhuga á starfs- og tækninámi í grunnskólum
2. Styrkja námsráðgjöf og almenna náms- og starfsfræðslu í grunnskólum
3. Bæta aðgengi að starfs- og tækni-menntun á landsbyggðinni
4. Rýna skipulag starfsnáms, vinnustaðanáms og tækifæri til úrbóta.
5. Bæta aðgengi fólks með starfs- og tæknimenntun að háskólum
6. Kynna betur fjölbreytta starfsmöguleika að námi loknu.

Unnið hefur verið af kappi að þessum markmiðum allt árið 2020 og mun GERT verkefnið, sem er eitt af fastaverkefnum SI og einnig samstarfsverkefni sömu aðila, tengjast #Fyrir mig verkefninu hvað varðar grunnskólahlutann, enda markmið þessara tveggja verkefna þau sömu.

Í drögum að nýrri reglugerð um vinnustaðanám sem SI hefur unnið að í samvinnu við menntamálaráðuneytið eru nú tilgreindar tvær leiðir í vinnustaðanámi. Annars vegar iðnmeistaraleið, sem byggir á núverandi samningsleið og hins vegar skólaleið sem er ný, en með henni er hægt að grípa til ráðstafana ef nemandi kemst ekki á hefðbundinn iðnmeistarasamning til að tryggja námslok. Með þessum breytingum er gert ráð fyrir að talsvert dragi úr brotthvarfi nemenda. Hér er um mjög mikla breytingu að ræða frá núverandi kerfi og eru bundnar vonir við að samstarf atvinnulífs og skóla eflist.

Námslok í starfs- og tæknimenntun hafa verið háð ákveðinni óvissu um hvort nemandi komist á samning eða ekki, en þeir hafa sjálfir borið ábyrgð á því að semja við meistara um vinnustaðanám. Aðstæður meistara eru misjafnar, t.d. vegna efnahagsaðstæðna eða stöðu innan viðkomandi greinar á tilteknum tíma og því ekki tryggt að nemi komist á samning og ljúki námi. Með breytingu á reglugerð á vinnustaðanámi sem #Fyrir mig verkefnahópurinn hefur unnið að koma skólamir til með að bera ábyrgð á því að útvega nemendum sínum meistarasamning og tryggja þar með útskrift. Tímalengd vinnustaðanámssamnings er látin miðast við hæfni nemenda en ekki fjölda vikna á vinnustað.

Tímalengd vinnustaðanáms er í núverandi kerfi skilgreind í vikum, en með þeim breytingum sem nú eru lagðar til er gert ráð fyrir að hæfni nemanda ráði lengd vinnustaðanáms.

Menntamálastofnun hefur umsjón með raf-rænni ferilbók, en í hana er skráð hæfni nemandans. Öll starfsgreinaráð vinna nú að því að endurnýja starfálýsingar og hæfnikröfur sem skráðar verða í rafræna ferilbók. Það er von SI að með notkun rafrænnar ferilbókar megi efla gæði og samræmingu vinnustaðanáms.

Hvatningarsjóður Kviku – Samtök iðnaðarins og mennta- og menningarmálaráðuneytið eru samstarfsaðilar Kviku banka í hvatningarsjóði Kviku. Markmið sjóðsins er að efla umræðu og vitund um mikilvægi iðn- og kennaranáms og þýðingu starfa sem því tengjast fyrir íslenskt atvinnulíf.

Stelpur og tækni – Girls in ICT Day er hluti af alþjóðlegu átaki og haldið undir nafninu Stelpur og tækni. Að verkefninu standa Háskólinn í Reykjavík, Skýrslutæknifélag Íslands og Samtök iðnaðarins. Verkefnið vekur athygli á fjölbreyttum möguleikum í tækninámi og störfum þar sem áherslan er lögð á að brjóta niður staðalímyndir. Verkefnið er einnig í samræmi við það markmið í menntastefnu SI að auka áherslu á færni til framtíðar í menntakerfinu.

Team Spark – SI eru bakhjarl Team Spark, liðs verkfræðinema við HÍ, og hefur liðið komið að ýmsum verkefnum innan samtakanna, má þar helst nefna kynningar á vegum GERT verkefnisins. Markmið kynninganna er að ýta undir áhuga á raunvísindum og tækni hjá grunnskólanemendum.

Meðal samstarfsaðila SI í menntamálum má nefna:





Innviðir

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í innviðum landsins þar sem stefnt er að því að þeir séu í góðu ástandi og uppfylli þarfir atvinnulífs og almennings. Framtíðarsýn stjórnar SI felst í að innviðir Íslands séu samkeppnishæfir á við það sem best gerist í öðrum löndum, en innviðir spila lykilhlutverk í verðmætasköpun iðnfyrirtækja.

Í upphafi árs kynntu fulltrúar opinberra aðila fyrirhugaðar verklegar framkvæmdir í innviðum fyrir samtals 132 milljarða króna sem er um 4 milljörðum króna hærri upphæð en kynnt var á Útboðsþingi SI 2019. Um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir miðað við síðustu ár eða sem nemur 4,6% af landsframleiðslu. „Það er ekki aðeins nauðsynlegt að ráðast í framkvæmdir heldur er rétti tíminn til þess núna“, var á meðal þess sem Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, sagði í setningarávarpi sínu á þinginu.

Þegar leið á árið og ljóst var hve alvarleg áhrif COVID-19 yrðu voru viðbrögð stjórnvalda m.a. þau að bæta í innviðaf framkvæmdir til þess að vinna á móti niðursveiflunni og skapa viðspyrnu fyrir nýtt vaxtarskeið. Stjórnvöld voru að fara þá leið sem hvatt var til af hálfu alþjóðastofnana á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og sömu leið og mörg önnur ríki fóru til að mæta efnahagslegum áhrifum veirunnar.

Boðuðu bæði ríki og sveitarfélög auknar framkvæmdir af þessum sökum. Bætt var í framkvæmdir, t.d. í vegakerfinu og í fasteignum hins opinbera, enda uppsöfnuð viðhaldsþörf þar ærin líkt og kom fram í skýrslu SI og FRV „Innviðir á Íslandi – ástand og framtíðarhorfur“. Ljóst er að sú skýrsla hefur reynst mikilvægt framlag til málaflokksins enda hafa fjárfestingar í innviðum aukist verulega frá því að skýrslan kom út. Á síðasta ári hófst undirbúningur að nýrri skýrslu SI og FRV um innviði sem kom út í febrúar 2021.

Sú kröftuga niðursveifla sem varð í efnahagslífinu á síðasta ári er merkileg m.a. fyrir þær sakir að samdrátturinn í bygginga- og mannvirkjagerð hefur verið mun minni en ætla mætti út frá því hvað samdrátturinn í hagkerfinu er mikill. Má þakka það að stórum hluta viðbrögðum stjórnvalda sem til viðbótar við að fara í auknar innviðaf framkvæmdir og nýta skattalega hvata til aukinna viðhaldsverkefna hafa falist í að hvetja til fjárfestinga með lækkun vaxta og bættu aðgengi að lánsfé.

Samtökin töluðu fyrir langtímasýn og staðfestu í framfylgd markmiða um hagkvæmar og skilvirkar samgöngur á árinu. Lögð var áhersla á að nú væri tíminn til að byggja samgönguinnviði hratt upp bæði vegna efnahagsástandsins og vegna mikillar uppsafnaðrar þarfar á þessu sviði. Samtökin lögðu áherslu á að forgangsraðað skyldi eftir þjóðhagslegri arðsemi í meiri mæli og þannig tryggt að fjármagn til málaflokksins skilaði sér sem best í aukinni verðmætasköpun þjóðarbúsins. Einnig bentu samtökin á að skoða skyldi kosti og galla samvinnuleiðar opinberra aðila og einkaaðila og fögnuðu lagasetningu um slík verkefni. Fögnuðu samtökin einnig þeirri framtíðarsýn sem birtist í samgönguáætlun 2020–2034 og fimm ára aðgerðaráætlun á þessu sviði en gerðu athugasemdir við forgangs röðun og fjármögnun.

Umtalsverður samdráttur var í fjárfestingum fyrirtækja og heimila á síðastliðnu ári. Ljóst er að fyrirtæki brugðust við versnandi efna-

hagsástandi með því að draga úr fjárfestingum sínum. Talningar SI á íbúðum í byggingu á árinu sýndi glögggt verulegan samdrátt í íbúðum í byggingum, sér í lagi á fyrstu byggingarstigum. Lýstu samtökin áhyggjum af því að fá ný íbúðaverkefni væru að fara af stað þrátt fyrir að íbúðamarkaðurinn væri líflægur. Á árinu vakti SI athygli á brestum í starfsumhverfi byggingariðnaðarins og hvernig auka mætti stöðugleika, skilvirkni og hagkvæmni í greininni. Höfuðáhersla var á að framboð mætti eftirspurn í meiri mæli og að vinda þyrfti ofan af flækjustigi til að uppbygging yrði hagkvæmari, m.a. með umbótum í skipulagsferli og stjórnsýslu sveitarfélaga.

Orkuinnviðir spila lykilhlutverk í samkeppnishæfni landsins og velmegun íbúa þess. Í því áhlaupi veðurs sem gekk yfir landið á árinu var ljóst að víða er þörf á úrbótum og viðhaldi á flutnings- og dreifikerfi raforku. Hefur það einnig endurspeglast í innviðaskýrslu SI og FRV frá árinu 2017. Ljóst er að ástand þessara mála er mismunandi eftir þéttbýli og dreifbýli og bregðast þarf fljótt við til að bæta ástand þessara innviða til að jafna starfskilyrði fyrirtækja óháð staðsetningu. Í því skyni lögðu SI, í samvinnu við SA, FRV og Samorku, fram tillögur til úrbóta í stjórnsýslu og leyfisveitingarferli sem standa í vegi fyrir uppbyggingu og framgangi þjóðfélagslegra mikilvægra verkefna.



Nýsköpun

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir eflingu nýsköpunarumhverfisins þar sem stefnt er að því að umgjörð og hvatar til nýsköpunar séu með því besta sem þekkist í heiminum. Nýsköpun er ein meginforsenda framleiðniaukningar, verðmætasköpunar, samkeppnis-hæfni og gjaldeyrisöflunar fyrirtækja og þjóða. Efling nýsköpunar leggur grunninn að sköpun verðmætra og eftirsóttar starfa auk þess að styrkja útflutningsstoðir þjóðarbúsins.

Samtök iðnaðarins tileinkuðu starfsárið 2020 nýsköpun. Með því vildu samtökin hvetja til þess að nýsköpun yrði sett í forgang við uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi. Lögð var áhersla á að nýsköpun eigi sér stað í öllum atvinnugreinum. Viðburðir ársins, greinarskrif og áherslur í starfi samtakanna mörkuðust af þessum áherslum. Nýsköpunarstefnu SI frá árinu 2019 var fylgt fast eftir á árinu og stöðug eftirfylgni átti sér stað með tillögum í átt að bættu starfsumhverfi fyrirtækja sem stunda nýsköpun.

Í samræmi við þessar áherslur var nýsköpun sett á oddinn á lönþingi 2020. Þá héldu samtökin tvo fjölmenna kynningarfundum um Tækniþróunarsjóð og skattfrádrátt vegna rannsókna og þróunar og erlendra sérfræðinga í samstarfi við Rannís á árinu. Í desember gáfu SI út myndband, Gerum Ísland að nýsköpunarlandi, þar sem enn frekar var hvatt til nýsköpunar. Myndbandið var unnið af Sagafilm, aðila Samtaka iðnaðarins.

Stórstígar breytingar á umhverfi nýsköpunar

Stjórnvöld og Alþingi stíga stór skref á árinu í átt að eflingu nýsköpunar með viðamiklum aðgerðum og bættum hvötum til nýsköpunar á vörþingi 2020. Ber þar hæst að nefna hækkun á endurgreiðslum vegna rannsókna og þróunar (R&D). Breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki fólu í sér að þak á endurgreiðslur vegna R&D var hækkað

úr 600 milljónum króna í 1.100 milljónir króna. Þá var hlutfall endurgreiðslu vegna R&D hækkað úr 20% í 25% fyrir stór fyrirtæki og 35% fyrir meðalstór. SI leggja áherslu á að þessar lagabreytingar verði gerðar ótímabundnar.

Breytingar voru gerðar á lögum um tekjuskatt þannig að skattfrádráttur vegna hlutabréfa-kaupa var hækkaður úr 50% í 75% en um er að ræða sérstaka skattahvata til handa einstaklingum vegna fjárfestinga í sprotafyrirtækjum.

Aukið fjármagn var sett í Tækniþróunarsjóð á árinu til að mæta aukningu í eftirspurn í ljósi sívaxandi atvinnuleysis en um 700 milljónum króna var aukalega veitt í sjóðinn til að styðja við nýsköpunarverkefni. Þá var viðbótarfjármagni veitt í Nýsköpunarsjóð námsmanna á árinu.

Lög um Kríu, hvatasjóð nýsköpunardrífins frumkvöðlastarfs, voru samþykkt á árinu og leit reglugerð um Kríu einnig dagsins ljós síðla ársins. Kría mun fjárfesta í vísisjóðum og auka aðgengi og fjármagn til að tryggja samféllu í fjármögnunarmhverfi frumkvöðla og nýsköpunar.

Heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (vísisjóðum) var jafnframt hækkuð úr 20% í 35% á vörþingi. SI leggja áherslu á að umrædd hækkun verði ótímabundin til að skapa fyrirsjáanleika til framtíðar.

Fulltrúar SI í nýsköpunarsamstarfi

Samtök iðnaðarins eru aðili að ýmsum samstarfsverkefnum í þágu eflingar nýsköpunar hér á landi.

Framkvæmdastjóri SI er stjórnarformaður **Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins**, fjárfestingasjóðs sem tekur virkan þátt í þróun og vexti íslensks atvinnulífs með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Fulltrúi SI er varamaður í tækninefnd **Vísinda- og tækniráðs** og varamaður í Vísinda- og tækniráði, fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins.

SI eru hluthafi í **Icelandic Startups** með það að markmiði að styðja við uppbyggingu á stuðningsumhverfi frumkvöðla og nýsköpunar á fyrstu stigum á Íslandi. Sviðsstjóri hugverkasviðs SI situr í stjórn Icelandic Startups.

SI tilnefna fulltrúa í stjórn **Tækniþróunarsjóðs** og situr fulltrúi SI jafnframt í ráðgefandi fagnefnd Rannís við mat á rannsóknar- og þróunarverkefnum, sem endurvakin var árið 2019.

Framkvæmastjóri SI er stjórnarmaður í **Auðnu-Tæknitorgi**, tækniveitu sem sinnir tækni- og þekkingayfirfærslu úr vísindasamfélaginu yfir í frumkvöðlasamfélag og atvinnulíf, en tækniveitan var stofnuð árið 2018.



Starfsumhverfi

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í starfsumhverfi fyrirtækja þar sem stefnt er að því að skilvirkt, hagkvæmt og stöðugt starfsumhverfi laði til landsins fjárfesta og fólk. Í stefnu SI kemur fram að framtíðarsýn stjórnar Samtaka iðnaðarins sé sú að starfsumhverfi fyrirtækja á Íslandi sé skilvirkt, hagkvæmt og stöðugt í samanburði við starfsumhverfi fyrirtækja í löndum samkeppnisaðila.

Skilvirkni

Ein grundvallarforsenda bættrar samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja er að starfsumhverfi fyrirtækja sé skilvirkt í samanburði við önnur lönd og hafa samtökin á árinu lagt ríka áherslu á að jafnræðis sé gætt. Áhersla hefur verið á að dregið sé úr samkeppnisrekstri opinberra aðila og þess sé gætt að ríkið raski ekki með ólögætum hætti samkeppni á markaði. Samtökin leggja áherslu á að stjórnvöld gæti að samevrópskum ríkisaðstoðar og samkeppnisreglum. Áhersla er á að stjórnvöld stuðli að bættri samkeppni með aukinni útivistun verkefna og virkum útboðsmarkaði. Mikilvægt er að hugað sé að hagsmunum framleiðenda og tryggt að þeir geti tekið þátt í útboðum til jafns við aðra. Áhersla samtakanna er á leikreglur séu skýrar og það sé tryggt að allir starfi eftir sömu leikreglum. Hafa samtökin því á árinu lagt áherslu á að bæta regluverk, tryggja skilvirkara eftirlit og stytta málsmeðferðartíma opinberra eftirlitsaðila. Slíkar aðgerðir stuðla að skilvirku starfsumhverfi fyrirtækja og hafa Samtök iðnaðarins beitt sér gagnvart stjórnvöldum fyrir aðgerðum í þá veru.

Hagkvæmni

Samtökin lögðu mikla áherslu á það á síðasta ári að forgangsraðað væri í aðgerðum stjórnvalda í þágu þeirra málefna sem mestu skipta fyrir samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum. Með sterkari samkeppnishæfni er best tryggð aukin verðmætasköpun og fjölgun starfa. Áherslan var á málefni sem sett eru fram í stefnu stjórnar Samtaka iðnaðarins. Ánægjulegt var að sjá að þau áhersluatriði birtust í aðgerðum stjórnvalda vegna efnahagslegra áhrifa COVID-19.

Hafa samtökin í þessu sambandi lagt mikla áherslu á að hið opinbera létti undir með fyrirtækjum með því m.a. að draga úr skattheimtu. Hefur áherslan m.a. verið á lækkun tryggingagjaldsins og lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði. Einnig hefur áherslan verið á að raforkuverð auki samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja en á árinu voru blikur á lofti meðal orkusækisins iðnaðar hér á landi. Samtökin hafa ítrekað bent á þörfina fyrir lækkun fjármagnskostnaðar í þessu sambandi og að framboð lánsfjár sé nægt. Síðast en ekki síst hefur áherslan verið á að laun endurspegli framleiðni og þróist í takti við framleiðnivöxt.

Stöðugleiki

Á árinu 2020 lögðu Samtök iðnaðarins áherslu á að þeirri miklu niðursveiflu sem varð í hagkerfinu á árinu sé mætt með því að nýta þau tækifæri sem góð staða ríkissjóðs gefur til að beita ríkisfjármálunum af fullum þunga til að verja lífskjör og veita viðspyrnu fyrir nýtt hagvaxtarskeið. Íslenska hagkerfið var hvað skuldastöðu hins opinbera í mun betri stöðu en mörg önnur ríki til að mæta efnahagslegum áhrifum COVID-19 og þeirri niðursveiflu sem var byrjuð áður en veiran fór að dreifa sér um heimsbyggðina. Samtökin hafa bent á það samhliða þessum aðgerðum að tryggja þurfi að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir.

Samtökin lögðu einnig áherslu á að tækjum peningastjórnunnar væri beitt til að milda niðursveifluna og skapa grunnvöll vaxtar. Þar stóð hagkerfið einnig betur en stýrivextir voru talsvert hærri en í nálægum ríkjum. Bentu samtökin á mikilvægi þess að Seðlabankinn lækkaði stýrivexti sína, tryggði virkni miðlunarferils stýrivaxta til fyrirtækja og heimila auk þess að tryggja greiðan aðgang þessara aðila að fjármagni. Gekk þetta eftir að hluta en stýrivextir voru lækkaðir umtalsvert á árinu eða úr 3,0% í 0,75%. Ljóst er að aðgerðir á sviði opinberra fjármála og peningamála hafa mildað niðursveifluna en ljóst er að framundan er krefjandi verkefni á sviði efnahagsmála.

Lögfræðileg málefni

Samtök iðnaðarins veita félagsmönnum ráðgjöf og aðstoð í lögfræðilegum málefnum. Í því felst að fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða starfs- greinahópar SI geta leitað til löggfræðings SI þegar lögfræðilegt álitaefni kemur upp. Álitaefnin eru fjölbreytt og geta varðað sértæk álita- efni einstakra fyrirtækja eða málefni starfsgreina eða iðnaðarins í heild.

Á árinu voru veittar umsagnir í eftirtöldum málum.

150. löggjafarþing (2019–2020)

- Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir, 310. mál
- Tillaga til þingsályktunar um könnun á hagkvæmni strandflutninga, 367. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til að starfa hér á landi, 389. mál
- Tillögur að þingsályktunum um samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034 og samgönguáætlun 2020–2024, 434. og 434. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum (viðaukar), 436. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, 447. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005, með síðari breytingum, 610. mál
- Frumvarp til laga um lækningatæki, 635. mál
- Frumvarp til laga um Orkusjóð, 639. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum nr. 140/2012, með síðari breytingum (réttarstaða þriðja aðila), 644. mál
- Frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaframkvæmdir, 662. mál.
- Frumvarp um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru og um fjárukalög, 683. og 695. mál
- Frumvarp til laga um opinbera stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, 711. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum (EES-reglur, plastvörur), 720. mál
- Frumvarp um frekari aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, frumvarp um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020, 724., 725. og 726. mál.
- Frumvarp til laga um fjarskipti, 775. mál
- Frumvarp til laga um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, 811. mál
- Frumvarp til laga um tímabundnar heimildir til fjárhagslegrar endurskipulagningar atvinnufyrirtækja, 814. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 (aðgerðir gegn kennitölufлакki), 815. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, 843. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 (hlutdeildarlán), 926. mál
- Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022, 968. mál

151. löggjafarþing 2020–2021

- Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021 og tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025, 1. og 2. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samsköttunar félaga, takmörkunar á frádrætti vaxtagjalda og skattlagningar útsendra starfsmanna (samsköttun, útsendir starfsmenn o.fl.), 4. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber fjármál nr. 123/2015, 6. mál
- Frumvarp til laga um íslensk landshöfuðlén, 9. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi vörur sem tengjast orkunotkun, 12. mál
- Frumvarp til laga um viðskiptaleyndamál, 13. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki nr. 160/2010 (flokkun og eftirlit með mannvirkjum), 17. mál
- Tillaga til þingsályktunar um ástandsskýrslur fasteigna, 98. mál
- Frumvarp til skipalaga, 208. mál
- Frumvarp til laga um fjarskipti, 209. mál
- Frumvarp til laga um tekjufallsstyrki, 212. mál
- Frumvarp til breytinga á skipulagslögum nr. 123/2010 (uppbygging innviða og íbúðarhúsnæðis), 275. mál
- Tillaga til þingsályktunar um menntastefnu fyrir árin 2020–2030, 278. mál
- Frumvarp til laga um skipagjald, 313. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt, 372. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 336. mál
- Frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun og frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð, 321. og 322. mál

Samráðsgátt

- Drög að frumvarpi til nýrra laga um fjarskipti, mál nr. 304/2019
- Drög að frumvarpi til laga um Hálendisþjóðgarð, mál nr. 317/2019
- Drög að frumvarpi til laga um lækningatæki, mál nr. 327/2019
- Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, mál nr. 13/2020
- Opinber innkaup – stöðumat og valkostir, mál nr. 14/2020
- Drög að frumvarpi til laga um Orkusjóð, mál nr. 15/2020
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi vörur sem tengjast orkunotkun, mál nr. 16/2020
- Drög að frumvarpi til laga um skip, mál nr. 44/2020
- Drög að frumvarpi til laga um breytingum á lögum um ársreikninga og lögum um endurskoðendur og endurskoðun (gagnsæi í rekstri stærri óskráðra félaga), mál nr. 47/2020
- Drög að þingsályktunartillögu um menntastefnu til ársins 2030, mál nr. 60/2020
- Drög að frumvarpi til laga um viðskiptaleyndarmál, mál nr. 75/2020
- Drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, mál nr. 79/2020
- Drög að reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, mál nr. 85/2020
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mannvirki nr. 160/2012, með síðari breytingum (flokkun mannvirkja og eftirlit með mannvirkjagerð), mál nr. 90/2020
- Drög að reglugerð um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna, mál nr. 105/2020
- Drög að aðgerðaráætlun í loftlagsmálum, mál nr. 119/2020
- Áform um frumvarp til breytinga á skipulagslögum nr. 123/2010, mál nr. 159/2020
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samsköttunar félaga, takmörkunar á frádrætti vaxtagjalda og skattlagningar útsendra starfsmanna (samsköttun, útsendir starfsmenn, o.fl.), mál nr. 184/2020
- Áform um frumvarp til breytinga á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt, mál nr. 188/2020
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010, mál nr. 190/2020
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjavörur, mál nr. 193/2020
- Drög að reglugerð um öryggi net- og upplýsingakerfa veitenda stafrænnar þjónustu, mál nr. 197/2020

- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum, sala á framleiðslustað, mál nr. 200/2020
- Drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun og drög að frumvarpi til laga um Tækniþróunar- sjóð, mál nr. 201 og 202/2020
- Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (menntun og þjálfun sundkennara og -þjálfara, eftirlit með starfsemi og athöfnum o.fl.), mál nr. 204/2020
- Drög að reglugerð um hlutdeildarlán, mál nr. 210/2020
- Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt (fjármálaþjónusta o.fl.), mál nr. 227/2020
- Áform um ný lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana, mál nr. 243/2020
- Drög að frumvarpi um breytingu á lögum um háskóla nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008, mál nr. 250/2020
- Drög að reglugerð um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð, mál nr. 253/2020
- Drög að frumvarpi til laga um Fjarskiptastofu, mál nr. 258/2020
- Drög að breytingu á reglugerð um stjórnvaldssektir vegna brota á efnalögum, mál nr. 259/2020
- Drög að reglugerð um vinnustaðanám, mál nr. 261/2020

Annað

- Tillögur nr. 19, 20, 25 og 27 frá átakshópi í húsnæðismálum. Sent starfshóp um tillögur átakshóps um aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði.
- Drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa. Sent Persónuvernd.
- Tillögur að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar. Sent Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.
- Langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfi raforku. Sent Landsneti.
- Drög að orkustefnu. Sent Orkustefnunefnd.
- Gjaldskrá Matvælastofnunar. Sent atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Umsagnir SI má finna á vef samtakanna, www.si.is



Orka og umhverfi

Samtök iðnaðarins beita sér fyrir umbótum í orku og umhverfi þar sem stefnt er að því að íslenskur iðnaður sé í fararbroddi í sjálfbærni- og umhverfismálum og styðji við markmið þjóðarinnar um kolefnishlutleysi.

Samtökin hafa lagt aukinn þunga á málefni á vettvangi orku og umhverfis, þ.m.t. að bæta starfsskilyrði fyrirtækja hvað varðar raforkumál og efla umræðu um að stjórnvöld og atvinnulíf vinni saman að markmiðum í umhverfis- og loftslagsmálum. Framtíðarsýn samtakanna er skýr í þessum málum og felst í því að Ísland sé og verði áfram fyrirmynd annarra þjóða í umhverfis- og orkumálum sem geti skapað íslenskum iðnaði samkeppnisforskot. Þá var sérstök áhersla lögð á umhverfismál á Framleiðsluþingi 2020.

Loftslagsáætlun atvinnulífsins

SI hafa undanfarið ár unnið að því að koma á laggirnar vinnu við loftslagsáætlun atvinnulífsins sem hefur það að markmiði að draga fram þá vinnu sem hefur verið unnin og stendur til að vinna varðandi loftslagsmál innan atvinnulífsins, samræma aðferðafræði og gefa út á heildstæðan hátt yfirsýn yfir áherslur atvinnulífsins, sér í lagi metnað og vilja fyrirtækja til að gera meira og betur í loftslagsmálum. Þá mun stefnan draga fram þær hindranir sem stjórnvöld þurfa að ryðja úr vegi svo ná megi settu marki í átt að kolefnishlutleysi árið 2040. Um er að ræða áætlun sem ekki hefur unnin áður á þessu sviði og því um frumkvöðlastarf að ræða hjá samtökunum. Þátttakendur í verkefninu eru öll aðildarsamtök innan SA og er stefnt að því að ljúka þessari vinnu um mitt ár 2021.

Grænvangur

Samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnsvalda um loftslagsmál og grænar lausnir, þ.e. Grænvangur, tók til starfa á árinu 2019. SI voru leiðandi afl í því að koma þessu samstarfi á og er framkvæmdastjóri SI annar tveggja formanna vettvangsins. Hlutverk Grænvangs er að efla samstarf atvinnulífs og stjórnsvalda við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að kolefnishlutleysi árið 2040 sem og vinna með íslenskum fyrirtækjum að markaðssetningu grænna lausna á alþjóðamarkaði og styðja við orðspor Íslands á sviði sjálfbærni. Á árinu hófst með formlegum hætti markaðsverkefni vettvangsins sem ýtt var úr vör í desember þar sem samhliða var kynnt heimasíða Grænvangs, www.greenbyiceland.com. Með þessu átaki binda samtökin vonir við að vettvangurinn verði áberandi í allri umræðu um umhverfis- og loftslagsmál.

Orkustefna fyrir Ísland

Orkustefna fyrir Ísland var kynnt á árinu og mun sú stefna hafa viðtæk áhrif fyrir aðildarfyrirtæki samtakanna. Samtökin voru virk í að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum ásamt því að funda með orkustefnunefnd. Á þeim vettvangi ítrekuðu samtökin mikilvægi þess að stefnan gæti jafnt að hagsmunum allra aðila í virðiskeðju raforku hér á landi í stað þess að draga taum orkufram-

leiðenda á kostnað raforkunotenda. Það er því verulegt fagnaðarefni að endanleg orkustefna tók tillit til þessara áherslna samtakanna enda leggur stefnan ríka áherslu á m.a. almenna samkeppnishæfni Íslands, þ.m.t. raforkunotenda.

Raforkumál

SI lögðu ríka áherslu á raforkumál og hafa samtökin á árinu fylgt eftir áherslumálum þeim sem sett voru fram í raforkuskýrslu samtakanna árið 2019 en mörg þeirra mála eru núna til skoðunar eða í ferli hjá stjórnvöldum sem ber þess merki að hagsmunagæsla samtakanna á þessu sviði er að hafa áhrif. Samtökin hafa skerpt enn frekar á áherslumálum á árinu og áréttað fyrir stjórnvöldum og þ.m.t. á fundi með ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar. Þá óskuðu samtökin eftir óháðum úttektum á einstökum álitamálum á sviði raforkumála og er niðurstaðna að vænta á árinu 2021.



Samtök iðnaðarins beita sér fyrir jákvæði ímynd íslensks iðnaðar þar sem stefnt er að því að íslenskar vörur og fyrirtæki hafi jákvæða ímynd í samanburði við ímynd erlendra valkosta.

Markmiðið er að Íslendingar séu stoltir af íslenskum vörum og fyrirtækjum. Til að ná því markmiði miðla Samtök iðnaðarins upplýsingum um mikilvægi íslensks iðnaðar fyrir hagkerfið og hversu fjölbreyttur iðnaðurinn er. Unnið er með allar helstu markaðsleiðir. Miðlað er gæðum, uppruna og hreinleika íslenskra framleiðsluvara og nýttar eru hefðbundnar og óhefðbundnar leiðir til að koma skilaðunum á framfæri til ákveðinna markhópa.

Íslenskt – láttu það ganga

Á árinu var efnt til framhalds á verkefninu Íslenskt – gjörðið svo vel og nú í samstarfi stjórnvalda og atvinnulífs undir heitinu Íslenskt – láttu það ganga. Að undangengnu útboði stjórnvalda var gengið til samstarfs við auglýsingastofuna Brandenburg sem framleiddi kynningarefni tengt áttakinu sem hægt er að nálgast á vefsíðunni gjoridsvovel.is. Átakið er hugsað sem aðgerð á tímum COVID-19 og er ætlað að verja störf og auka verðmætasköpun. Auk auglýsinga í öllum helstu fjölmiðlum var efnt til sjónvarpsþátta í beinni útsendingu á Stöð 2 þar sem hvatt var til kaupa á innlendum vörum og þjónustu. Áttakinu er ætlað að vekja landsmenn til umhugsunar um þá hringrás sem knýr hagkerfið þegar valin er innlend þjónusta, keyptar innlendar vörur og skipt við innlend fyrirtæki sem hefur allt keðjuverkandi áhrif. Atvinnustarfsemi er haldið gangandi, störf eru vernduð og ný sköpuð, verðmætasköpun aukin og stuðlað er að efnahagslegum stöðugleika. Áformað er að áttakinu ljúki í árslok 2021. Að áttakinu standa auk Samtaka iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu, Samorka, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fjármálafyrirtækja, Bændasamtök Íslands og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.



Meistarinn.is

Á árinu var vakin athygli á mikilvægi þess að leitað sé til faglærðra félagsmanna meistarafélaga innan Samtaka iðnaðarins, auk þess sem vakin var athygli á 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðar- og frístundarhúsnæði. Á vefsíðunni meistarinn.is geta landsmenn nálgast upplýsingar um einstök fyrirtæki innan 13 meistarafélaga SI, auk hagnýtra upplýsinga fyrir þá sem vilja fá meistarara í verkið.





Ásýnd SI

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að vera sýnileg í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Daglegur fréttaflouttur frá starfsemi samtakanna er á vef samtakanna, www.si.is, auk þess sem samfélagsmiðlar eru nýttir til að koma efni samtakanna á framfæri. Þá eru gefnar út skýrslur, greiningar, fréttatilkynningar og annað kynningar efni sem er allt aðgengilegt á vef samtakanna.

Greiningar SI


Á árinu voru gefnar út 11 greiningar þar sem tekin voru fyrir tiltekin málefni sem skipta aðildarfyrirtæki SI máli og þau greind með aðferðum tölfræði og hagfræði.

- Fasteignaskattar á fyrirtæki
- Snúum samdrætti í vöxt
- Könnun meðal stjórnenda framleiðslufyrirtækja
- Upprunaábyrgðir
- Íbúðatalning SI vor 2020
- Könnun meðal félagsmanna SI
- Stýrivextir
- Fasteignaskattar á fyrirtæki
- Íbúðatalning SI haust 2020
- Húsnæðisuppbýgging – viðhorf félagsmanna
- Skapa þarf störf í einkageiranum
- Ónýtt tækifæri í upplýsinga- og fjarskiptatækniíðnaði á Íslandi
- Fjórdi stoðin: Hugverkiðnaður



Vefur SI


Á vef SI voru settar inn hátt í 600 fréttir á árinu. Vegna persónuverndalaga þarf samþykki þeirra sem fara inn á vefinn fyrir mælingum og þar af leiðandi eru heimsóknartölur ekki sambærilegar við það sem áður hefur verið mælt þar sem margir nýta sér þann möguleika að heimsókn sé ekki mæld. Á árinu mældust síðuflettingar 145.632. Fjöldi heimsókna á árinu voru 62.328 og notendur mælast 32.503. Flestar heimsóknir eru á mánuðugum, þriðjudögum og miðvikudögum. 52% heimsókna koma frá tölvum, 46% frá snjallsímum og 2% frá spjaldtölvum.



Samfélagsmiðlar

Samtök iðnaðarins eru á **Facebook** þar sem yfir 4.000 líkar við samtökin. Á árinu voru settar inn um 350 færslur sem hver náðu til allt frá nokkur hundruð einstaklinga til nokkurra tuga þúsunda.

Samtök iðnaðarins eru með ásrýnd á **Instagram** þar sem birtar hafa verið myndir með reglubundnum hætti. Á árinu voru birtar 35 myndir og 485 hjörtu voru gefin. Fylgjendur eru 421.



Vimeo

Samtök iðnaðarins eru með Vimeo aðgang þar sem geymd eru 205 myndbönd. Áhorf á myndböndin á árinu voru 4.546 og fjöldi áhorfenda var 1.966. Heildartími sem horft var er 7 dagar, 17 klukkustundir, 47 mínútur og 59 sekúndur þar sem meðaltími áhorfs er 2,27 mínútur.



Fjölmiðlaumfjöllun

Samtök iðnaðarins voru mjög sýnileg í fjölmiðlum á árinu en um var að ræða 1.434 fréttir/greinar í fjölmiðlum. 40% birtist á sérvefjum, 34% í netmiðlum, 24% í prent-miðlum og 2% í sjónvarpi/útvarpi.

Mikill heiluháttur og aðlagðarheiti í atvinnuflöð

Tækifæri koma óvænt

Stærsta fjöldi samráða og samþykkinga á milli atvinnu- og vinnufélaga hefur verið gerð á síðustu árinu. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór.

Skapa þarf um 60 þúsund ný störf fram til ársins 2050

Það er verið þessari ástæða. Áhragsbreytingar innviðnaðarinnar eru verulega ríki og breytingar hafa verið gerðar á vinnu- og vinnufélögum. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór.

Áratugur nýsköpunar


Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór.

Umfang umfjöllunar eftir tegundum fjölmiðla 2020

Sérvefir (580)

Heimild:

Fjölmiðlavakt Creditinfo.



Skortur á lóðum hindrar hagkvæma uppbyggingu

Mikill meiriháttur hlífis- og vinnu- og vinnufélaga hefur verið gerð á síðustu árinu. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór.

Mikill samdráttur í smíði íbúða

42% færri íbúðir eru á fyrsta byggingsstigum á heildarbyggingum en í landslaginu vorið 2019. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór.

Flyta úthlutun til að auka húsnæðisöryggi

Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór.

Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór. Þetta er ein af ástæðum þess að fjöldi samráða og samþykkinga hefur verið stór.

Útgáfur

Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár gefið út fjölmargar skýrslur sem unnar hafa verið af starfsmönnum samtakanna í samstarfi við stjórn SI, félagsmenn og aðra sérfræðinga. Skýrslunum er ætlað að vera innlegg í umræðu um umbætur sem gagnast samfélaginu í heild sinni og í þeim eru lagðar fram upplýsingar sem gagnast félagsmönnum samtakanna. Skýrslurnar er hægt að nálgast á vef SI.



Innviðir á Íslandi

Frá útgáfu innviðaskýrslunnar árið 2017 hefur hún verið grundvallarrit í opinberri umræðu um innviði á Íslandi. Í skýrslunni er stöðu helstu innviða hagkerfisins lýst og dregnar fram þarfir og lausnir til að tryggja gæði þessara meginstoða íslensks samfélags og atvinnulífs. Í skýrslunni er lagt mat á ástand flugvalla, fráveitna, hafna, hitaveitna, vatnsveitna, orkuvinnslu, orkuflutninga, úrgangsmála, þjóðvega, sveitarfélagavega, fasteigna í eigu ríkisins og fasteigna í eigu sveitarfélaga.

Ísland í fremstu röð – eflum samkeppnishæfnina

Samkeppnishæfni er nokkurs konar heims-meistaramót ríkja í lífsgæðum. Því meiri sem samkeppnishæfnin er, þeim mun meiri verðmæti verða til og þar af leiðandi verður meira til skiptanna. Á Iðnþingi 2018 gáfu Samtök iðnaðarins út skýrslu um samkeppnishæfni Íslands. Skýrslunni var ætlað að gera grein fyrir stöðunni í fjórum meginstoðum samkeppnishæfni, menntun, innviðum, nýsköpun og starfsumhverfi. Greining á stöðunni er forsenda þess að hægt sé að gera tillögur að umbótum.

Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland

Atvinnustefna er skipulag sem ætti að vera rauður þráður í allri annarri stefnumótun. Í skýrslunni er mótuð framtíðarsýn til ársins 2050 og lagðar fram um 70 tillögur að umbótum til þess að bæta samkeppnishæfni Íslands. Þannig batna rekstrarskilyrði allra fyrirtækja í landinu og lífsgæði landsmanna aukast.

Mætum færni framtíðarinnar – Menntastefna SI

Menntamál sem einnig má nefna mannauðsmál, brenna á flestöllum félagsmönnum Samtaka iðnaðarins. Menntastefna SI snýr meðal annars að því að mæta færniþörf atvinnulífsins á hverjum tíma. Ljóst er að fjölga þarf iðnmenntuðum á vinnumarkaði og auka þarf áherslu á tækni- og raungreinar í menntakerfinu. Fjölmargar tillögur til umbóta eru lagðar fram í skýrslunni.

Nýsköpun – virkjum tækifærin – Nýsköpunarstefna SI

Nýsköpunarstefna Samtaka iðnaðarins var kynnt í febrúar 2019 í aðdraganda þess að stjórnvöld mótuðu sína stefnu um nýsköpun. Í skýrslunni er horft til ársins 2050 og sett fram markmið og aðgerðir til að ná fram metnaðarfullri framtíðarsýn um að skilyrði til nýsköpunar hér á landi verði með því besta sem þekkist í heiminum. Stefan er í fjórum köflum; mannauður, fjármagn, stuðningsumhverfi og markaðssetning.

Íslensk raforka – Ávinningur og samkeppnishæfni

Félagsmenn SI kaupa meginþorra þeirrar orku sem framleidd er á Íslandi. Skýrslunni er ætlað að fræða lesandann um raforkumarkaðinn auk þess sem settar eru fram níu tillögur að úrbótum á íslenska raforkumarkaðinum og birt stefna Samtaka iðnaðarins á sviði raforkumála.

Hver ber ábyrgð á mannvirkinu?

Ítarlegt lögræðiálit um ábyrgð þeirra sem koma að byggingu mannvirkja hér á landi er sett fram í þessari skýrslu og er ætlað að auðvelda félagsmönnum SI að koma þekkingu til starfsmanna sinna.

Starfsmenn SI

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins við útgáfu skýrslunnar.



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI



Berglind Guðjónsdóttir,
skrifstofuumsjón



Björg Ásta Þórðardóttir,
yfirlögfræðingur



Edda Björk Ragnarsdóttir,
viðskiptastjóri á hugverkasviði



Eyrún Arnarsdóttir,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Friðrik Á. Ólafsson,
viðskiptastjóri byggingar-
iðnaðar á mannvirkjasviði



Gunnar Sigurðarson,
viðskiptastjóri á framleiðslusviði



Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur



Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs



Jóhanna Vigdís Arnardóttir,
verkefnastjóri í menntamálum



Kristján Daníel Sigurbergsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði



Lárus M. K. Ólafsson,
viðskiptastjóri á framleiðslusviði



Margrét Kristín Sigurðardóttir,
almannatengsla- og
samskiptastjóri



Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á hugverkasviði



Sigríður Mogensen,
sviðsstjóri hugverkasviðs



Steinunn Pálmadóttir,
lögfræðingur



Úlfar Biering Valsson,
hagfræðingur



Iðnaður stendur
að baki þriðjungi
hagvaxtarins



Einn af
hverjum fimm
starfar í iðnaði



Iðnaður
skapar fimmtung
landsframleiðslunnar



Iðnaður
skapar 30%
gjaldeyristekna



Iðnaður skapar 30%
af veltu fyrirtækja
í landinu